AÐALSKRÁNING FORNLEIFA Í BLÁSKÓGABYGGÐ III:

FORNLEIFASKRÁNING INNAN LANDAMERKJA LAUGARÁSS OG IÐU



JAKOB ORRI JÓNSSON OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRAR)

HÖFUNDAR EFNIS: JAKOB ORRI JÓNSSON OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2016 **FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**

FS595-15224

Forsíðumynd er af leifum (ÁR-382:033f). Horft til norðvesturs. Ljósmynd: Jakob Orri Jónsson.

©2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR 5
II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7
III. SKRÁNINGARAÐFERÐIR 9
IV. FORNLEIFASKRÁ 11
V. NIÐURSTÖÐUR 81
HEIMILDASKRÁ 87

VIÐAUKI 1: Hnitalisti yfir allar skráðar minjaeiningar (ISN93)


VIÐAUKI 2: Sérheitalisti

VIIÐAUKI 3 Minjakort

MINJAKORT 1: Minjar í úthögum Laugaráss
MINJAKORT 2: Minjar í landi Laugaráss
MINJAKORT 3: Minjar í landi Iðu
MINJAKORT 4: Minjar í landi Iðu
MINJAKORT 5: Túnstæði Iðu
MINJAKORT 6: Túnakort Iðu
MINJAKORT 7: Túnakort Laugaráss

I. Inngangur

Á vordögum 2015 gerðu Bláskógabyggð og Fornleifastofnun Íslands með sér samning um svæðis- og aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Ráðist var í skráninguna í tengslum við vinnu sem nú fer fram við aðalskipulag sveitarfélagsins. Skráningin sem um er að ræða var annars vegar full heimildaúttekt (svæðisskráning) á þeim hluta sveitarfélagsins sem slík heimildaskráning hafði ekki gerð áður og hins vegar vettvangsskráning (aðalskráning) á þremur svæðum innan Bláskógabyggðar þar sem ljóst þótti að yrðu talsverðar framkvæmdir á næstu árum. Fjármagnaði sveitarfélagið skráninguna með stuðningi frá Skipulagsstofnun. Bæði svæðis- og aðalskráningin voru unnar á sumar- og haustdögum 2015 og kom á haustmánuðum 2015 út skýrsla um svæðisskráningu fornleifa.[1] Aðalskráningin sumarið 2015 var gerð á þremur svæðum sem töldust í sérstökum forgangi hjá sveitarfélaginu, þ.e. á Litlafljóti/Stórafljóti (Reykholti), Laugarvatni/Snorrastöðum og Laugarási/Iðu. Um öll svæðin þrjú verða gefnar út sérstakar skráningarskýrslur og er sú skýrsla sem hér lítur dagsins ljós þriðja og síðasta skýrslan í útgáfuröðinni.[2] Í landi gömlu lögbýlanna Laugaráss og Iðu voru



Íslandskort þar sem það svæði sem fjallað er um í þessari skýrslu, Laugarás og Iða, er sýnt með rauðum lit. Grunnkort: Gísli Pálsson.

[1] Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2015.
[2] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015 og Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2016.

samanlagt skráðar 108 fornleifar. Samtals voru því skráðar 310 fornleifar á vettvangi í Bláskógarbyggð sumarið 2015, á svæðunum þremur sem til úttektar voru.

Áður en aðalskráning var unnin fyrir Laugarás og Iðu sumarið 2015 hafði takmörkuð skráning verið unnin á svæðinu. Bryndís Róbertsdóttir hafði þó skráð minjar á svæðinu sumarið 1986 og er sú skrá varðveitt í handriti á Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi fékkst til að nota hana við heimildavinnu en minjar í skrá Bryndísar voru ekki hnitsettar og því ekki alltaf auðvelt að átta sig á staðsetningu minjastaða.[3]

Um vettvangsskráningu minja innan merkja Litla- og Stóra-Fljóts og úrvinnslu sáu Jakob Orri Jónsson og Kristborg Þórsdóttir. Jakob sá alfarið um uppsetningu en skýrslugerð var í höndum hans og Elínar Óskar Hreiðarsdóttur. Um kortagerð sá Gísli Pálsson. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Kristborgu eða Jakobi nema annað sé tekið fram.

Loftmyndirnar í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf. en Bláskógabyggð veitti aðgang að þeim. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu heimildamanna sem rætt var við á svæðinu. Þeir miðluðu af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og yfirlitskort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

[3] Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn í raun ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og

siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað að því frátöldu að hnit var tekið í Landshnitakerfi (ISN93).

greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar


minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

ÁR-381 Laugarás



Teikning byggð á túnakorti Laugaráss frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015.

1686 & 1695: 25 hdr. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

13. öld: Jarðarinnar er getið í Sturlungu: "Var þá fundur stefndur í Laugarási." II. bindi, bls. 224.

11-14. öld: Jarðarinnar er getið í Biskupa sögum. Í Söguþætti um Skálholts biskupa fyrir og um siðaskiptin segir: "Var hann [síra Eysteinn Þórðarson], hafður þaðan til Laugaráss [...]," Biskupa sögur II, 250. Einnig er Laugarás nefndur í Þætti um Odd biskup Einarsson í Skálholti, Biskupa sögur II, 660, 673.

1650-1700: Jarðarinnar er getið í Hungurvöku: "En fostudags aptan fóru byskupar báðir til laugar í Laugarás eptir náttverð," ÍF XVI, 31.

1709: "Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn Skálholts dómkirkja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 292.

1847: 36 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 69.

Árið 1896 voru 12 bæjarhús og 9 peningshús í Laugarási. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 bæjarhús og 5 peningshús mjög skemmd. 9 bæjarhús og 4 peningshús voru lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 178.

Kálund segir að þarna hafi snemma verið vinsæll baðstaður frá Skálholti. KK I, 123.

1703: "Árið 1703 er hér tvíbýli, og helst svo mestalla átjándu öldina, en á þeirri nítjándu og

fyrst á þeirri tuttugustu er ýmist, að einn eða tveir bændur yrki jörðina í senn," segir í Árnesingi III, 167.

1923: "Árið 1923 varð jörðin (Laugarás I) læknissetur í eigu Laugaráslæknishéraðs og var rekinn þar búskapur fram til ársins 1970," segir í Sunnlenskum byggðum I, 120 og ennfremur "Árið 1923 var læknissetrið í læknishéraðinu [...] flutt frá Skálholti að Laugarási. Hafði þá verið byggt þar hús yfir lækninn [Laugarás II (Gamla læknishúsið)]," segir í Sunnlenskum byggðum I, 121.

1942: Lindarbrekka: "Saga þessa býlis hefst árið 1942, er maður nokkur, Jóhann Sæmundsson að nafni tekur 0,5 ha lands á leigu sem erfðafestuland í brekkunni austan við svonefnda Vaðla í Laugarási [...] .Núverandi ábúendur keyptu [...] árið 1951, og hefst þar þá föst búseta," segir í Sunnlenskum byggðum I, 122.

1941: Hverabrekka: "Býli þetta var fyrsta garðyrkjubýlið, sem stofnað var í Laugarási. Það var árið 1941," segir í Sunnlenskum byggðum I, 123.

1943: Sólveigarstaðir: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1943 og var í upphafi nefnt Gróska [...]. Land þess er 1,5 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 135.

1955: "Launrétt er nú nefnd sú gata, er liggur af Skálholtsvegi til suðausturs, um 300 m austan við Iðubrú....Launrétt I (vestast) byggð 1955. skv. Sunnlenskum byggðum I, 138-140.

1958: Laugagerði: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi, stofnað 1958. Land þess er 2,02 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 124.

1960: Sigmarshús: "Iðnaðarbýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1960. Land þess er 0,32 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 136.

1964: Lyngás: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi, stofnað 1964. Land þess er 1,1 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 125.

1968: Asparlundur: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1968. Land þess, sem er 1,2 ha að stærð, er í tveimur hlutum," segir í Sunnlenskum byggðum I, 126.

1965: Ljósaland: "Garðyrkjubýli nyrst í Laugaráshverfi stofnað árið 1965 og er land þess 1 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 127.

1970: Akur: "Garðyrkjubýli nyrst í Laugaráshverfi stofnað árið 1970. Land þess er 1,3 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 128.

1970: Birkiflöt: "Garðyrkjubýli í norðaustanverðu Laugaráshverfi stofnað árið 1970. Landið er 1,3 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 129.

1970: Ösp: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað 1970. Landið er 1,12 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 130.

1967: Teigur: "Garðyrkjubýli í norðausturhorni Laugaráshverfi stofnað árið 1967. Land þess

er 1,4 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 131.

1962: Ásholt: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1962. Landið er 1,2 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 132.

1965: Ekra: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1965 [...]. Land þess er 1 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 134.

1965: Launrétt er nú nefnd sú gata, er liggur af Skálholtsvegi til suðausturs, um 300 m austan við Iðubrú.... Launrétt II (í miðið) byggð 1965 skv. Sunnlenskum byggðum I, 138-140.

1966: Heiðmörk: "Garðyrkjubýli í Laugaráshverfi stofnað árið 1966. Landstærð er 1 ha," segir í Sunnlenskum byggðum I, 133.

1968: Varmagerði: "Garðyrkjubýli í Laugarási stofnað 1968. Land þess er 1,26 ha að stærð," segir í Sunnlenskum byggðum I, 137.

1971: Launrétt er nú nefnd sú gata, er liggur af Skálholtsvegi til suðausturs, um 300 m austan við Iðubrú.... Launrétt III (austast) byggð 1977, skv. Sunnlenskum byggðum I, 138-140.

Túnakort 1920: Tún 3,4 ha; uppl. um sléttun vantar; matjurtagarðar 1143 m².

"Engjunum hefur Hvítá til stórskemda spilt. Þessi jörð mætir stórum átroðningi bði af skálholt peningi og ferðafólki, sem reisi yfir um á hamrinum og Auðsholti. Eldivið spara hjer hverarnir, en þar á mót drepst þar í peníngur þess á milli," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 292.

Laugarás: "Austasti hluti landsins er allstór ás og stendur bærinn á vesturbrún hans. Kemur víða heitt vatn undan honum. [...] Önnur hlunnindi eru lax- og silungsveiði í Hvítá. Þar var einnig mótak. Jörðin er algróin og var beitiland talið gott. [...] Ræktunarland er gott. Engjar fremur lélegar," segir í Sunnlenskum Byggðum I, 120.

Hveratún: "Land þess er 3 ha að stærð og er hluti þess vestan Skálholtsvegar milli Asparlunds og Lyngáss. Þessi hluti er að verulegu leyti þurrlendur brekkuhalli, og eru engar byggingar í honum. Lítilsháttar hefur verið plantað þar af skógi, og hluti þess var notaður til beitar fyrir nokkrar sauðkindur, [...]. Hinn hluti landsins er í framræstri mýri austan Laugargerðis sunnan við veginn upp að Laugarási. [...] Þar hafa verið ræktuð skjólbelti úr trjágróðri og skrúðgarður," segir í Sunnlenskum byggðum I, 123.

ÁR-381:001 *Laugarás* bæjarhóll bústaður X 427194 Y 402101

"Suðvestast í túninu. Milli Draugahvers og Bæjarhvers bungar landið lítillega upp, og þar eru Hverahólmar; þar hafa verið matjurtagarðar síðan um 1930. Brekkan upp af hólmunum heitir Hverabrekka, og holtið þar Laugarás eða Laugarásholtið. Á því var gamla bæjarstæðið, þar sem nú er gamla læknishúsið," segir í örnefnaskrá. Miðað við túnakort frá 1920 var bærinn



Laugarás ÁR-381:001, horft til suðvesturs

þá þar sem nú er ónýtt tún, fast austan íbúðarhúss á brún Laugarásholts sem líklegast er gamla læknishúsið en Benedikt Skúlason, heimildamaður, þekkti ekki nákvæma staðsetningu. Sléttað tún sem komið er í órækt.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og sjást engin merki um uppsöfnun. Líklegast hefur honum verið rutt út þegar íbúðarhús voru byggð á umræddum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Laugarás, 5

ÁR-381:002 heimild um útihús X 427148 Y 402140

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 50 m norðvestan við bæ 001. Það hefur verið um 5 m suður frá öðru útihúsi 003. Vegur er nú (2015) upp á Laugarásholt í annars grasivaxinni brekku með trjágróðri. Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-381:003 heimild um útihús X 427148 Y 402150

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 50 m norðvestan við bæ 001. Það er um 5 m norður frá öðru útihúsi 002. Vegur er nú (2015) upp á Laugarásholt í annars grasivaxinni brekku með trjágróðri. Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-381:004 heimild um útihús X 427247 Y 402192

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 90 m norðan við bæ 001. Í túni sem er beitt. Engin ummerki sjást nú um útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-381:005 heimild um útihús X 427334 Y 402147

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920 um 130 m norðan við bæ 001 og um 130 m austan við útihús 004. Húsið er það sama og getið er um í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986 en þar segir: "Fjárhús: "Var austan við íbúðarhús í Laugarási, við tjörn. Er nú komið undir tún. Ingólfur [Jóhannsson í Iðu] gegndi þar." Við tjörn í beitartúni. Húsið hefur verið við tjörn í túninu. Ef miðað væri við túnakortið mætti ætla að húsið hefði verið í miðri tjörninni. Engar leifar hússins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 746

ÁR-381:006 heimild um traðir X 427151 Y 402096

Inn á túnakort frá 1920 er merkt gata frá bæ 001. Gatan hefur legið frá bænum til vesturs en tekið krappa beygju til suðurs við mörk túns. Í ónýttu, sléttuðu túni. Engin ummerki göturnar sjást nú í túninu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-381:007 tóft býli X 426553 Y 401904

"Ingólfur á Iðu hafði heyrt sögn um það, að þarna hefði um einhvern tíma búið einsetukarl og verið með eina kú og nokkrar kindur; hét sá Teitur, en kallaður Roða-Teitur. Hvenær þetta hefur verið, veit sjálfsagt enginn, en tóttir þær, sem Ingólfur taldi vera eftir húskofa Teits, eru nú orðnar mjög ógreinilegar. Þær eru í hólnum norðan við brúna [Iðubrú] vestan þjóðvegar, rétt ofan við dæluskúr vatnsveitunnar. Um Teit hefi ég ekki fundið neinar ritaðar heimildir, og má því telja fullvíst, að hann hafi verið uppi fyrir 1703," segir í örnefnaskrá. Ógreinilegar byggingaleifar eru um 650 m vestan við bæ í skógarrjóðri norðvestan við dæluskúr hitaveitunnar. Minjarnar eru á þýfðu litlu holti eða hólrana með miklum trjágróðri.

Ein óljós tóft og ein lítil gryfja eru á svæði sem er um 10x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er tvískipt og er um 10x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Veggur sem er í henni miðri og liggur norðaustur-suðvestur er mjög greinilegur. Hann er 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Norðvestan við hann er óljóst hólf I sem er um 6x4 m að innanmáli. Innri brúnir





Tóft ÁR-381:007, á ljósmynd er horft til suðvesturs

þess eru óljósar fyrir utan suðausturhliðina. Suðaustan við vegginn í miðri tóft er annað óljóst hólf II sem er um 6x0,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturveggur þess er að mestu útflattur nema í suðvesturenda. Þar finnst fyrir grjóti í veggnum þar sem hann er illgreinanlegur. Svo virðist sem að eitthvert rask hafi orðið á suðausturhluta tóftarinnar. Lítil gryfja B er um 12 m norðaustan við tóft A. Hún er um 1 m í þvermál og 1 m á dýpt. Gryfjan er að mestu gróin en virðist ung og ekki er víst að hún tengist tóftinni og búsetu þar. Austan við gryfjuna, í halla niður af holtinu, eru mögulega leifar af mannvirki C sem er orðið mjög ógreinilegt vegna trjágróðurs. Það er um 3x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Laugarás, 2

ÁR-381:008 *Vörðusker* þjóðsaga skrímsli X 426543 Y 401667



Vörðusker ÁR-381:008, horft til suðurs

"Úti fyrir eyrinni austan hamarsins [Skálholtshamar], í miðri ánni, er allstórt grýtt sker, sem heitir Vörðusker," segir í örnefnaskrá. "Skammt ofan við Hamarinn er lítill hólmi í Hvítá, Vörðusker. Á því eru þrír steinar, sem sjást að heiman. Ef allir steinarnir fóru á kaf, var áin ófær á bát, og hestar voru varla sundlagðir, nema sæist á þá alla. Sögn er, að séra Stefán sterki á Ólafsvöllum hafi vaðið Hvítá á Vörðuskeri í ísreki að haustlagi," segir í örnefnaskrá Iðu. Vörðusker er um 950 m suðvestur af bæ 001. Vörðusker er sá hólmi í Hvítá sem er næst austan brúar milli Laugaráss og Iðu. Nú (2015) er það algróið en var áður malargrjótssker samkvæmt Benedikt Skúlasyni.

"Til er mikið af bæði skráðum og óskráðum þjóðsögum um skrímsli í ánni, sem áttu það til að flatmaga uppi á Vörðuskeri. Og allt fram á okkar daga hafa sézt furðudýr í ánni af Iðubrú," segir í örnefnaskrá. Nú (2015) er Vörðusker algróið og sjást þrír steinar, sem sagt er frá í örnefnaskrá, ekki lengur fyrir gróðri. Þessir steinar eru líklega vörður þær sem ljá skerinu nafn sitt, en Benedikt Skúlason, heimildamaður þekkti ekki til varða þar. Ekki er þekkt að almennt hafi verið vaðið yfir Hvítá á þessu stað, og sjást engin ummerki um vað, en líklega hefur það tengst við leið ÁR-382:034 í landi Iðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 3; Ö-Iða, 6,

ÁR-381:009 *Launrétt* heimild um rétt X 426879 Y 401793

"Eyrin austan [Skálholtshamars] nær að klettum, öllu tilkomumeiri en steinninn vestan megin. Heitir þar Launrétt. [...] Launrétt er rétt af náttúrunnar hendi og hefur [...] hlotið nafn sitt af því, að þangað inn var hægt að reka féð, án þess að það yrði þess vart, fyrr en það lokaðist inni í réttinni [...] önnur ekki ósennilegri skýring á nafninu er sú sögn, að þarna hafi umrenningar og förumenn safnað saman stolnu fé," segir í örnefnaskrá. Launrétt er um 450 m suðvestur af bæ 001, austan undir Skálholtshamri 031. Austan Skálholtshamars er eyri milli hans og Hvítár, grasi gróinn flati vaxinn nokkrum stórum grenitrjám.

Engin rétt sést nú á þessum slóðum Hugsanlega hefur fé verið rekið fyrir kletta við vestari mörk eyrar og rétt verið þar sunnan undir klettunum en sú leið er ófær nú (2015) þar sem að Hvítá rennur fast við klettana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 3

ÁR-381:010 *Bæjarhver* hver þvottastaður X 427094 Y 402120

"Ofan við Vöðlana, norðan við þá, er aðalhverasvæðið [...]. Á hverasvæðinu eru þrír aðalhverir nafngreindir Sá syðsti þeirra stendur nærri Vöðlunum, austan við dæluskúra hitaveitunnar. Til eru fimm nöfn á þeim hver; Bæjarhver, Heimahver, Matarhver, Þvottahver og Syðstihver. [...] Bæjar- eða Heimahver hefur hann verið kallaður því þennan hver notaði Laugarásheimili eingöngu hér áður fyrr, og þá (var) bæði eldað og þvegið í honum, og þannig gætu hin tvö nöfnin, Matarhver og Þvottahver, hafa orðið til. [...] Á sama tíma [1975] var grafið upp í kringum flesta aðra hveri svæðisins, þ.á m. Bæjarhver, og steypt yfir þá," segir í örnefnaskrá. Bæjarhver er um 80 m vestan við bæ 001.



Bæjarhver ÁR-381:010, horft til ANA

Hverasvæðið er vestan undir ásnum sem bærinn er á, Laugarási eða Laugarásholti. Allt í kring er tjárækt og vestan við hverasvæðið er fjöldi gróðurhúsa. Allmikið umrót hefur átt sér stað á svæðinu vegna virkjunar jarðhitans. Svæðið sunnan við Bæjarhver er afgirt og um það renna margir sjóðandi heitir lækir úr hverum og affall úr dælustöð.

Steyptur kassi er yfir hvernum og er hann um 5x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Um 5 m norðaustan við hann er annar jarðlægur steyptur, ferkantaður kassi. Hann er 2,5x1,2 m að stærð og stendur vítt og stutt rör upp úr honum með ártalinu 1998. Fast austan við hverinn er gamall steyptur stokkur 1,5x1 m að stærð, snýr norður-suður. Hverinn sjálfur sést ekki lengur og engar fornleifar eru sýnilegar í næsta nágrenni sem tengjast nýtingu á heitu vatni úr honum. Að sögn Benedikts Skúlasonar, heimildamanns, kom upp mikið af dýrabeinum þegar grafið var í kringum hverinn og steypt

var yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Laugarás, 4

ÁR-381:011 *Draugahver* hver þvottastaður X 427116 Y 402194

"Um það bil 100 metrum norður af Bæjarhver [010] eru tveir hverir mjög nálægt hvor öðrum; heitir sá syðri Draugahver. [...] Í báðum þessum hverum þvoði fólk af nágrannabæjum þvott. Kom það víða að, og var þarna oft nokkuð margt um manninn. Þarna var þvegið langt fram á 5. tug þessarar aldar. [...] Þegar farið var að virkja Draugahver 1923, var afrennsli hans veitt í Hildarhver [012] eftir mjórri rás, sem lá á milli þeirra. [...] Árið 1975 var svo grafið upp í kringum báða þessa hveri og þeir sameinaðir undir eina stein-steypta, lokaða þró," segir í örnefnaskrá. Draugahver er um 100 m norðvestan við bæ 001, 80 m norðan við Bæjarhver 010 og 20 m sunnan við Hildarhver 012. Hverasvæðið er vestan undir ásnum sem bærinn er á, Laugarási eða Laugarásholti. Allt í kring er tjárækt og vestan við hverasvæðið er fjöldi gróðurhúsa. Allmikið umrót hefur átt sér stað á svæðinu vegna virkjunar jarðhitans.

Draugahver er syðst í gryfju sem er 15x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á hæð og í henni miðri er járnrör sem leiðir gufu upp úr jörðunni. Hildarhver 012 er nyrst í gryfjunni. Hverinn sjálfur sést ekki og ekki sást nein forn mannaverk í kringum hann.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Laugarás, 4

ÁR-381:012 *Hildarhver* hver þvottastaður X 427119 Y 402217

"Um það bil 100 metrum norður af Bæjarhver [010] eru tveir hverir mjög nálægt hvor öðrum; heitir sá syðri Draugahver [011] en sá nyrðri Hildarhver eða Þvottahver. Í báðum þessum hverum þvoði fólk af nágrannabæjum þvott. Kom það víða að, og var þarna oft nokkuð margt um manninn. Þarna var þvegið langt fram á 5. tug þessarar aldar. [...] Þegar farið var að virkja Draugahver 1923, var



Daugahver ÁR-381:011 og Hildarhver ÁR-381:012, horft til norðurs

afrennsli hans veitt í Hildarhver [012] eftir mjórri rás, sem lá á milli þeirra. [...] Árið 1975 var svo grafið upp í kringum báða þessa hveri og þeir sameinaðir undir eina stein-steypta, lokaða þró," segir í örnefnaskrá. Hildarhver er um 120 m norðvestan við bæ 001 og um 20 m norðan við Draugahver 011. Hverasvæðið er vestan undir ásnum sem bærinn er á, Laugarási eða Laugarásholti. Allt í kring er tjárækt og vestan við hverasvæðið er fjöldi gróðurhúsa. Allmikið umrót hefur átt sér stað á svæðinu vegna virkjunar jarðhitans.

Hildarhver er nyrst í gryfju sem er 15x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á hæð og í henni miðri er járnrör sem leiðir gufu upp úr jörðunni. Draugahver er syðst í gryfjunni. Hverinn sjálfur sést ekki og ekki sást nein forn mannaverk í kringum hann.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Laugarás, 4

ÁR-381:013 *Draugaslóð* þjóðsaga draugur X 427094 Y 402270
Draugaslóð eða Draugaslóði lá frá Draugahver 011 og að túnfæti Skálholts ÁR-380. "Slóðin liggur nokkuð beina leið í gegnum hverfið [...] og síðan líklegast austan vegar að Söðulhól [...] og frá hólnum yfir veginn á svipuðum stað og Keldan. [...] Greinilegust var slóðin þar sem aðalbyggðin er nú," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá er einnig skráð þjóðsaga tengd slóðinni: Meðan enn var biskupsstóll í Skálholti, var það einhverju sinni, að þar var í fjósverkum barnshafandi vinnustúlka. Að vonum þreyttist hún á vinnunni, og eitt sinn, þegar hún kveinkaði sér undan þungum vatnsburði, þá kemur til hennar ókunnugur maður og býðst til þess að færa henni hver neðan úr Laugarási heim á hlað í Skálholt, gegn því (að) hann eigi það, sem hún ber undir svuntunni. Stúlkan heldur manninn vera að gantast með sig og gengur að þessu. Ekki löngu síðar kemur svo maður gangandi yfir mýrina í átt til Skálholts með sín hripin í hvorri hendi, og rauk úr báðum. Verður stelpan þá hrædd og leitar til biskups með vandræði sín.. Biskup brá skjótt við og sendi strax menn út í kirkju og lét samhringja. Við það missti djöflsi laupana rétt í túnfætinum í Skálholti, og mátti það vart tæpara standa. Þar sem hann missti hripin, heitir Draugadý (í Skálholtslandi), en Draugaslóð eða Draugaslóði þar sem hann gekk, en þar sviðnaði jörðin undan brennandi vatninu.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir frá umferðadreng í Biskupstungum sem mætir kölska á Draugaslóðum. Kölski gerir samning við drenginn um að hann muni koma því til leiðar að biskup kenni drengnum til prests og gefi honum dóttur sína ef drengurinn komi til kölska sem vinnumaður þegar hann verður fimmtugur. Draugaslóð er væntanlega gömul leið sem farin var frá Skálholti að Draugahver til þvotta. Engar minjar um slóðina sjást næst Draugahver eða í þéttbýlinu. Ekki sjást heldur greinileg ummerki um slóðina á loftmyndum af

svæðinu utan þéttbýlisins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Laugarás, 5; ÞJÁ IV, 60-63

ÁR-381:014 *Vaðið* heimild um vað X 427158 Y 401672

"Krosshóll er eins og rani og vísar beint á vaðið, fornt vað í Hvítá, þó tæplega sé það réttnefni nú. Er þar komin skýring á nafni hólsins, þar sem oft var settur kross beint á móti vaði til hjálpar mönnum í háska," segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 430 m suður af bæ 001. Bakki Hvítár er vaxinn lúpínu og hvönn Laugarásmegin.

Engin ummerki sjást um vaðið. Vaðið hefur líklega leitt að leið ÁR-382:034 en ekki er víst hvaða leið hefur legið á vaðið Laugarásmegin.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Laugarás, 5-6

ÁR-381:015 heimild um lögn X 427298 Y 401673

"Rétt hjá Vaðinu [014], aðeins neðan við beygjuna á ánni, eru leifar af hlaðinni bryggju, og voru þar lögð út net og færi langt fram á þessa öld," segir í örnefnaskrá. Bryggjan var um 440 m suður af bæ 001. Bryggjan var á bakka Hvítár, Laugarásmegin. Umhverfið er vaxið lúpínu og hvönn. Engin ummerki sjást nú um bryggjuna.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Laugarás, 6

ÁR-381:016 *Fjósatjörn* heimild um fjós X 427213 Y402126

"Um það bil 30 metrum norðaustan gamla læknisbústaðarins, við horn fjóstóttar sem þar var, er laut eftir Fjósatjörn," segir í örnefnaskrá. Fjósið hefur verið um 30 m norður af bæ 001. Fjósið hefur verið þar sem nú eru tún sem notuð eru fyrir beit eða undir veg fast sunnan túnsins. Engin ummerki sjást nú um fjósið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 7

ÁR-381:017 heimild um rétt X 427240 Y 402296

"Norðaustan við fjósbygginguna, sem nú stendur, var hestarétt hér áður," segir í örnefnaskrá. Hestaréttin var um 200 m norður af bæ 001. Þar sem réttin var eru nú sléttuð tún en þó er mögulegt að hún hafi að hluta eða í heild verið þar sem nú er malaplan fast vestan túnin.

Engin ummerki sjást nú um réttina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 6

ÁR-381:018 *Stöðull* heimild um kvíar X 427182 Y 402340

"Í kvosinni miðri, ofan við sumarbústað Ólafs Einarssonar, rétt við þar sem nú er grenilundur, var og heitir Stöðull. Síðustu fráfærur í Laugarási voru 1927, og þá voru mjaltir einmitt á þessum stað," segir í örnefnaskrá. Stöðull er um 230 m norðan við bæ 001. Örnefnið á við svæði sem er á milli sumarbústaðar Ólafs Einarssonar og annars sumarbústaðar sem er ofan við kvosina, uppi á Stöðulmúla. Þar hafa kýr og/eða kindur verið mjólkaðar og þar gætu hafa verið hlaðnar kvíar. Lítil flöt sunnan við þéttan grenilund. Allt í kring er mikil trjárækt. Engar tóftir eða forn mannvirki sjást á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Laugarás, 6

ÁR-381:019 þúst hlutverk óþekkt X 427350 Y 402413

Skeifulaga þúst er um 350 m norðaustan af bæ 001, um 160 m norðaustan af rétt 017 og um 240 m norðaustan útihúss 004. Hóll í túni, sem er ósléttur og greinilega ekki sleginn. Þústin er norðvestarlega í hól. Hún er um 2,5 x 2 m stór, einföld og snýr austur-vestur. Ekki eru greinanlegir upphlaðnir veggir en þústin er niðurgrafin, mest um 0,4 m. Ekki er víst hvaða hlutverki þústin gegndi en hefur hugsanlega verið stekkur.




Þúst ÁR-381:019, á ljósmynd er horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-381:020 tóft heygarður X 427484 Y 402298

"Ofan við Volgulaug er forn, hringlaga heygarður frá Skálholti [ÁR-381], notaður meðan Skálholt átti slægju í Auðsholti [ÁR-385], og var heyið þá geymt þarna á vetrum," segir í örnefnaskrá. "Er austan til miðsvæðis á Laugarásnum. [...] Fast sunnan við hringinn er





Tóft ÁR-381:020, á ljósmynd er horft til austurs

hálfgróið flag, vestan við óræktaður blettur, norðan við er tún, en að austan er háspennulína. Hann er í eins konar viki upp á milli túna," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóft heygarðsins er enn vel greinileg fast norðan við asparlund um 370 m norðaustan við bæ 001.Tóftin er í gömlu sléttuðu túni sem ekki er lengur slegið en er nýtt til beitar. Mikill asparlundur er fast sunnan við tóftina og er gaddavírsgirðing á milli hans og tóftarinnar.

Tóftin er einföld og að líklega að mestu torfhlaðin. Hún er sporöskjulaga og er um 23x27 að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru um 5 m á breidd og hæstir eru þeir um 1 m. Tóftin er gróin, vaxin mosa og grasi, og gengin í þúfur. Innri brún veggja er lægst í norðausturenda og þar kann að hafa verið op þó að það sé ekki lengur skýrt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Laugarás, 7; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 741

ÁR-381:021 *Þrengslin* gata leið X 427305 Y 403539



Þrengslin ÁR-381:021, horft til suðurs

"Þegar Hvítá flæddi, urðu ósarnir ófærir, svo ekki var hægt að komast venjulega leið [691:072?] upp í Höfða [ÁR-385], og var þá farið um Þrengslin, sem lágu vestan Flóðanna; mjó reiðgata undir Holtinu," segir í örnefnaskrá. Gatan hefur legið um 1,4 km norður af bæ 001. Í brattri, grasi gróinni hlíð fast vestan votlendis.


Ekki sést mikið fyrir leiðinni, sést aðeins sem einfaldur, grunnur slóði á köflum milli Langholts og Flóðanna, votlendis, austan og neðan Langholts. Hún hefur legið norður-suður milli Laugaráss og Höfða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 7

ÁR-381:022 *Mangatótt* tóft fjárhús X 427146 Y 403266

"Í Holtinu eru þrjár fjárhústóttir [sjá einnig 023, 024]; Mangatótt beint ofan við ruslahaugana," segir í örnefnaskrá. "Mangatóft [...] er austast á því [holtinu], klettar rétt hvoru megin, en nokkuð frá," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Mangatótt er á suðausturbrún Holtsins, um 230 m norðaustan við býli 037 og um 1,2 km norðan við bæ 001. Tóftin er á flata á milli tveggja klettanibba. Þar er grasi gróið og mikið af klóelftingu.





Mangatótt ÁR-381:022, á ljósmynd er horft til suðaustur


Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu og er torf- og grjóthlaðin. Hún er um 14x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur og er. Bæði hólfin snúa eins og tóftin Ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda tóftarinnar þar sem hefur verið timburþil. Fjárhúshlutinn, hólf I, er í suðausturenda tóftarinnar. Hann er um 5,5x1,5 m að innanmáli. Hlaðan, hólf II, er í norðvesturenda tóftarinnar og er hún grafin inn í aflíðandi halla en er ekki mikið dýpri en fjárhúsin. Hlaðan er um 3x1,5 m að innanmáli. Ekki sést op á milli hólfa. Tóftin virðist ekki forn en hleðslur hennar eru signar. Mesta hæð veggja er um 1 m í suðausturenda tóftarinnar. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 7; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1146

ÁR-381:023 *Stekkatún* tóftir fjárhús X 426912 Y 403175

"Í Holtinu eru þrjár fjárhústóttir; Mangatótt [022] beint ofan við ruslahaugana, Stekkatún syðst og vestast í Holtinu [sjá einnig 024]," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Stekkatúnsfjárhúsin voru rifin í kringum 1930, og líklegast er að Stekkatúnsnafnið hafi komið til eftir það, og að þar hafi því aldrei verið stekkur." Útihús, um 1 km NNV af bæ er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Í Stekkatúni eru tvær tóftir innan sumarbústaðarlóðar um 130 m norðvestan við býli 037 og 1,1 km norðan við bæ 001. Minjarnar eru suðvestast á Holtinu, norðan við mýri sem hefur verið framræst og þurrkuð.



Norðaustan við þær er sléttuð flöt í kringum sumarhús og trjágróður er meðfram lóðarmörkum og víðar innan lóðarinnar. Á tóftunum vex gras, mosi og klóelfting.




Stekkatún ÁR-381:023. Til vinstri er tóft A, horft til suðvesturs, og til hægri er tóft B, horft til suðurs


Tóftirnar eru á svæði sem er um 60x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóftirnar eru ekki mjög gamlar og standa hleðslur þeirra nokkuð vel. Fjárhústóft A er norðvestast á svæðinu. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er um 17,5x16 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja er um 1,1 m og mest sjást 3 umför í hleðslum. Í tóftinni eru tvö ílöng hólf sem snúa norður-suður. Vestara hólfið, hólf I, er 8x2 m að innanmáli. Op er á því í suðurenda. Austan við það er hólf II sem er 2,5x10 m að innanmáli. Í því miðju er garði sem er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Op er á hólfinu í suðurenda. Hólf III gengur til austurs úr suðausturhorni tóftarinnar. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést op á því. Aftan við hólf I og II, í norðurenda, er niðurgrafin hlaða, hólf IV. Það er um 4x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur á milli þess og hólfa I og II en það er um 1 m dýpra. Garðaúrgangi af sumarbústaðarlóðinni er safnað í hlöðuna. Tóft B er um 40 m suðaustan við tóft A. Hún er einföld og virðist vera torf- og grjóthlaðin þó að ekki sjáist í grjóthleðslur. Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á suðvesturvegg sem er mjórri en aðrir veggir tóftarinnar. Mesta hæð veggja er um 0,6 m. Framan við tóft til suðvesturs eru óljós ummerki um annað hólf, mögulega heystæði, sem er 3x3 m að innanmáli. Ekki er vitað hvar stekkur var í Stekkatúni og ekki sjást fleiri tóftir á yfirborði á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 7, 8; Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

ÁR-381:024 *Sauðhústótt* tóft beitarhús X 426819 Y 403683

"Í Holtinu eru þrjár fjárhústóttir; Mangatótt [022] beint ofan við ruslahaugana, Stekkatún [023] syðst og vestast í Holtinu, og sú elzta nokkru norðan við Stekkatún vestan megin í Holtinu. Líklega er það hún sem kölluð er Sauðhústótt í landamerkjalýsingunni," segir í örnefnaskrá. Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 segir um tóft C: "Þó nokkru sunnan við tóft [024A] niður undan holtinu, en í móa, nokkru ofan við mýri. [...] Mér dettur helst í hug að þetta gæti verið heystæði því þarna rétt fyrir neðan eru mýrar sem gæti hafa verið engjar. Finnst þetta nokkuð líkt tóft á Engjholti [svo] á Tjörn sem ég held að hafi verið heystæði. Finnst þetta ekki líkjast fjárborg," og "15 m NA við tóft [024A], Sauðhústóftina [...] Er vestast á Holtinu. Stendur lítið upp úr," um tóft sem ekki sést nú (2015) og hefur líklegast horfið vegna rofs. Umrædd tóft hefur verið um 1,6 km norður af bæ 001 og um 15-20 m suðaustan tóftar 024. Vestan megin í Holtinu eru tvær tóft og eina þúst að sjá nú (2015). Sauðhúsatóft A er





Sauðhústótt ÁR-381:024. Á ljósmynd er tóft A, horft til vesturs

um 1,6 km norður af bæ 001 og um 210 m norðvestur af leið 043. Ógreinileg þúst B er um 30 m suðvestur af tóft A, og um 50 m suðvestan þústar B er tóft C.
Á móvöxnum hrygg. Rofabörð eru á köflum í hryggnum til austurs.

Tvær tóftir og ein þúst eru á svæði sem er um 100 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A, sigin og vel gróin, sker sig ekki mikið úr umhverfi en er þó grænni. Hún er um 10 x 5 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld um 7 x 2,5 m að innanmáli. Rofabarð er fast austan tóftarinnar og virðist sem rofið hafi í suðaustur vegg hennar en gróið upp aftur. Vex kjarr nú í austurvegg. Vegghæð er mest um 0,4 m. Þúst B er grasivaxin dæld í suðurhlíð háholtsins. Svo virðist sem mannvirkið hafi verið niðurgrafið. Það er um 6 x 5 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Vel greinileg sökum gróðurs. Hlutverk þústar er ekki þekkt. Tóft C er um 10 x 6 m að utanmáli. Hún er einföld og snýr norður-suður. Innanmál tóftarinnar er um 5 x 3 m. Tóftin er mjög hlaupin í þúfur, vaxin mosa og grasi. Kjarr hefur skotið rótum innan tóftar og í austurvegg hennar. Veggir mest um 0,5 m að hæð. Engin ummerki sjást lengur um tóft sem Bryndís Róbertsdóttir skráði norðvestan tóftar A og ekki er ólíklegt að hún hafi horfið í rofið austan tóftar A.





Á efri mynd er þúst B, horft til suðurs. Á neðri mynd er tóft C, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 7; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1158, 1159

ÁR-381:025 *Söðulhóll* sögustaður legstaður X 426190 Y 403298

"Í sundinu rétt við þjóðveginn stendur Söðulhóll, og hefur líklega hlotið nafn sitt af því, að þarna hafa söðlar verið geymdir, meðan fólk fór til kirkju. Í hólnum er talið að, að Diðrik frá Minden sé dysjaður," segir í örnefnaskrá Laugaráss. "Söðlahóll sem nú er í daglegu tali nefndur Söðulholt, er örlítil, grýtt hæð í Laugarásslandi, austan Pollrásar. Ég get þessa örnefnis hér einungis vegna þess, að það er nafnkunnugt í sambandi við dráp Diðriks af

Mynden og förunauta hans í Skálholti árið 1539, en lík þeirra voru síðan dysjuð í Söðlahól," segir í örnefnaskrá Skáholts. "Þá þetta slag var yfir staðið voru búkarnir hafðir austur yfir Söðlahól og hestar þeirra í hel grýttir, síðan mennirnir, hestarnir og öll þeirra reiðtygi þar urðað og grafið," segir í Þætti af Ögmundi biskup í Skálholti. Söðulhóll er í blautri mýri á merkjum milli Laugaráss og Skálholts ÁR-380 um 1,5 km norðvestan við bæ 001. Hóllinn er klettur sem stendur upp úr mýrlendu svæði. Djúpir skurðir eru norðan og sunnan við hólinn. Einnig er skurður á merkjum vestan við hólinn. Í merkjaskurðinn vestan við Söðulhól liggur skurður sem grafinn er í sveig frá hólnum.

Ekki eru augljós ummerki um dysjar í hólnum. Á honum er lítill jarðvegur en á tveimur stöðum eru þó hnútur og er jarðvegsrof í þeim. Annarsstaðar er hóllinn víðast gróinn grasi, mosa, lyngi og kjarri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 15; Ö-Skálholt, 6; Biskupa sögur II, 271

ÁR-381:026 *Orrustutangi* sögustaður X 425625 Y 402481

"Neðan við Pollrás tekur við allstórt lón, hvers nafn hefur þegar verið nefnt, en það heitir Undapollur, en var stundum nefnt Hundapollur. Neðsti hluti pollsins heitir Pollsbotnar, og þar sem hann rennur út í Hvítá, heitir Ós. Rétt við Ósinn, Laugarásmegin, er tangi út í pollinn, sem heitir Orrustutangi. Þar var einhvern tíma háður bardagi, og eftir hann þvoðu menn sár sín (undir) í pollinum," segir í örnefnaskrá. Tanginn er þar sem Hundapollur og Hvíta mætast, um 1,6 km vestan við bæ 001.

Tanginn er flatur og þurr bakki. Hvítá brýtur stöðugt af bökkum sínum þar sem engin fyrirstaða er og hefur landið tekið miklum breytingum af þeim sökum í tímans rás. Áin er breið og lygn á þessum stað og rennur inn í Hundapoll þegar mikið vatn er í henni. Engar þekktar sagnir eru um orrustu á þessum stað og er örnefnið Orrustutangi eina heimildin um hana/þær.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Laugarás, 15

ÁR-381:027 *Skyrklettur* heimild um beitarhús X 426460 Y 402406

"Í miðjum Smáholtunum, norður af Böðvarsskeri, eru tveir samvaxnir tvíburahólar, grasi vaxnir efst og neðst, með klettabelti, sem lítur út eins og óreglulegir stuðlar. Segir Runólfur þá heita Kirkjukletta, og skarð eða sund austan við þá Kirkjuskarð, en það afmarkast að austan af klettarana, sem heitir Skyrklettur, og á honum eru tóttarbrot eftir fjárhús," segir í örnefnaskrá.

"Klettabelti gengur í vesturátt frá því þar sem sumarbúðir Rauða krossins voru og eru tóftir á nokkuð stóru klettanefi er skagar fram úr klettabeltinu sem er fyrir ofan. Beygja á skurði rétt ofan við," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Upplýsingar úr Minjaskrá Bryndísar lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang sumarið 2015 og ekki fannst heimildamaður sem kannaðist við minjarnar og gat bent á rétta staðsetningu Skyrkletts. Tóftarinnar var af þeim sökum leitað á röngum stað og fannst ekki. Ekki er því hægt að segja til um nákvæma staðsetningu eða ástand hennar en leitast var við að staðsetja hana út frá heimildum á úrvinnslustigi. Af heimildum að dæma er/var tóftin um 140 m norðaustan við Kirkjukletta og 760 m VNV við bæ 001.

Tóftinni er lýst á eftirfarandi hátt í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur: "Tóftin er vel gróin, en grjóthleðslur sjást þó allgreinilega og eru lágar og eru nokkuð útflattar en allstórt grjót er í þeim. Rétt vestur af þar sem Rauða kross húsin voru er lítið klettanef. Á bak við það eru þúfur og þar getur hafa verið einhver tóft en vil ekki ákv. neitt um það. Kletturinn sem tóftin er á heitir Skyrklettur, en skarðið eða sundið ofan við hann nefnt Kirkjuskarð. Þetta er talin fjárhústóft." Á uppdrætti Bryndísar af tóftinni kemur fram að hún sé 15x8 m að stærð og skiptist í tvö til þrjú hólf.

Heimildir: Ö-Laugarás, 8; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 745

ÁR-381:028 heimild um leið X 427476 Y 402790

Óviss leið, frá ferju 036 við Auðsholtshamar meðfram NV hluta túns, að bæ 001 og áfram að ferju 031við Skálholtshamar er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi þar sem hún var skoðuð í grennd við ferju 036 við Auðholtshamar.

Leiðin lá um móa og tún. Leiðin er líklega að mestu horfin vegna sléttunar, byggingaframkvæmda í þorpinu í Laugarási og annars rasks.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

ÁR-381:029 *Tögl* tóft herminjar X 426696 Y 402883

"Nyrsti hluti holtsins, sem vestustu hús hverfisins standa í, eða nyrsti hluti Tíðaholts, sem rís upp af Geymslu, heitir Tögl eða Holtstögl. Á síðarnefnda staðnum höfðu Bretar herbragga á stríðsárunum, en sá braggi er nú hálfur við gróðurhús Ólafs Einarssonar og hálfur út á Iðu" Um 930 m norðvestur af bænum [001], um 20 m vestur af núverandi vegi að Laugarás. Í austurbrún móholts er malaplan sunnan við holtið og malarslóði milli plans og núverandi vegar.



Tögl ÁR-381:029, á ljósmynd er horft til vesturs

Stæði herbragga er um 7 x 5 m og hefur hann snúið norður-suður. Norður- og suðurveggir eru steyptir en vesturveggur er grjóthlaðinn. Enginn veggur er greinanlegur til austurs. Veggir eru um 1,5 m að hæð og er hálfgróin möl innan veggja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 9

ÁR-381:030 *Lindin* lind vatnsból X 427132 Y 402002

"Lindin, sem Lindarbrekka dregur nafn sitt af, er í litlum gilskorningi, sem gengur inn í Laugarásholtið á nyrðri Lóðarmörkum Lindarbrekku. Utan um hana er nú steypt þró, enda var hún áður vatnsból ábúenda," segir í örnefnaskrá. Lindin er um 110 m sunnan við bæ 001, neðarlega í gilskorningi inn í bratta brekku í vestanverðu Laugarásholtinu. Mikill gróður er allt



Lindin ÁR-381:030, horft til suðausturs

í kringum lindina. Heitt vatn úr affallsröri efst í brekkunni rennur niður í gilskorninginn.

Steinsteypta þróin sem er utan um lindina er um 2,5x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vatn stendur í henni og er um 1 m niður á vatnsborð en ekki sést hversu djúp þróin er. Ekki er vitað til þess að hlaðinn brunnur hafi verið á þessum stað áður en þróin var steypt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 6

ÁR-381:031 *Skálholtshamar* heimild um ferju X 426452 Y 401804

"Iðubrú liggur yfir Hvítá þar sem hún er mjóst og straumhörðust. Beggja vegna stendur brúin á hamri. Heitir Iðuhamar að sunnan, í Iðulandi, en Skálholtshamar að norðan, Laugarásmegin, en algengt var að fólk kallaði hann einnig Iðuhamar, þótt hitt sé vafalaust eldra og réttara. Á Skálholtshamri, þar sem brúarstöpullinn stendur núna, var áður grasi gróinn blettur, og á honum allstór tótt eftir ferjumannskofa. Hefur það ef til vill verið á tímum biskupanna hér, að hafður hefur verið ferjumaður á hamrinum frá Skálholti, enda umferð mikil. [...] Fram til þess að brúin var fullgerð, 1957, var lögferja frá Iðu, og hefur svo verið frá fornu fari, þó vel megi vera, að hún hafi einhvern tíma verið rekin frá Skálholti. Þegar Teitur í Bjarnanesi kom hingað 1433 í alkunnri aðför að biskupi, Jóni Gerrekssyni, sundreið hann ána við Þengilseyri, vegna þess að ferjan var vöktuð frá Skálholti. ... Af Iðubæjunum var góð útsýn yfir ferjustaðinn, en auk þess var svo hafður lúður á Skálholtshamri, sem líklega hefur komið með dragferju, sem hér var sett 1903 og var um nokkurra ára bil. Lúður þessi var handknúinn og dugði til þess að vekja upp á Iðu. Þegar hljóðbært var, heyrðist í lúðrinum alla leið niður að Álfsstöðum á Skeiðum, en þangað er um 6 km. leið í beinni línu. Lúðurinn var hér fram undir 1927 eða þar um bil," segir í örnefnaskrá. "Við norðurenda Þengilseyrar beygir áin til suðurs. Við Þrengslin, þar sem áin er mjóst, heitir Iðuhamar eða Ferjuhamar, kallaður Hamarinn í daglegu tali. Þar var frá fornu fari lögferja á Hvítá, og allt þar til brú var opnuð 1957. Ferjan var á Iðu, og önnuðust bændur þar flutning yfir ána. [...] Brúnin á Hamrinum er hæst upp af Veiðiviki og þar halli að ánni og til vesturs. Þar er blettur, sléttur og gróinn, þar sem sprett var



Skálholtshamar ÁR-381:031, horft til SSV

af hestum og klyfjar teknar ofan, áður en lagt var í ána. Það er líklega Reiðveraholt sem nefnt er í fyrri skrám, en ekki var það nafn notað í daglegu tali. Hraktangi er fyrir neðan Hamarinn. Var eiginlega neyðarlending bæði fyrir hesta og bát að ná Hraktanga, þegar hestar voru sundlagðir yfir ána," segir í örnefnaskrá Iðu. Á herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt hús fast norðaustan við ferjustaðinn sem er líklega á sama stað og ferjumannskofinn var. Ferjustaðurinn við Skálholtshamar er um 140 m suðvestan við býli 007 og 780 m suðvestan við bæ 001. Allar aðstæður við ferjustaðinn eru gjörbreyttar eftir að brúin var byggð yfir Hvíta 1957 og með aukinni byggð og skógrækt í landi Laugaráss. Ætla má að ferju hafi verið lent öðru hvoru megin við Skálholtshamar og virðast aðstæður ákjósanlegri til þess norðvestanvert við hann. Þar eru grynningar og aflíðandi halli upp á bakkann. Á milli Skálholtshamars og Iðuhamars eru um 120 m. Á þeim stað er talsverður strengur í miðri á en hann er ekki mjög straumþungur.

Engin ummerki sjást um ferjustaðinn eða tóft ferjumannskofans og hafa minjarnar að öllum líkindum horfið þegar brúin var smíðuð, ef ekki fyrr af öðrum orsökum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 2-3; Ö-Iða A, 5; Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV

ÁR-381:032 *Volgalaug* gryfja bað X 427573 Y 402260

"Norðarlega á engjunum, beint austur af bæjarhúsunum, í túnfætinum, er Volgalaug heit uppspretta (40-50°C); þaðan rennur svo lækur niður í á. Rétt neðan og norðan við Volgulaug er dálítil gryfja, gerð af mannahöndum, þannig til komin, að sumarið 1929 tóku nokkrir ungir menn út Laugarási og nágrannabæjum sig til og gerðu sér þarna litla laug eða bað. Vatninu veittu þeir að sjálfsögðu úr Volgulaug," segir í örnefnaskrá. Volgalaug er austan undir lágri brún sem skilur að valllendi og flatlendar grónar engjar niður við Hvítá. Hún er um 100 m austan við heytóft 020 og um 430 m austan við bæ 001. Flatlendar og deiglendar engjar, grasi grónar.



Volgalaug ÁR-381:032, horft til suðvesturs

Um 18 m eru á milli uppsprettunnar Volgulaugar og gryfjunnar. Uppsprettan A er fast austan og neðan við kartöflugarð og rennur lækur frá henni til austurs í Hvítá. Ekki sjást ummerki um rás sem

veitti vatni úr henni til norðurs í gryfju B. Moldarflag er í kringum gryfjuna sem er aðeins lítill pollur og hefur sigið öll saman. Gryfjan er um 0,6 m í þvermál og 0,3 m á dýpt en af ummerkjum að dæma hefur hún verið 2-3 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 6-7

ÁR-381:033 heimild um bað

"Í Hungurvöku segir frá því, að Ketill Þorsteinsson, biskup á Hólum frá 1122, hafi andast í laug í Laugarási 1145, er hann og Magnús Skálholtsbiskup fóru þangað síðla kvölds úr veizlu mikilli, er haldin var í Skálholti. "Mikill hryggleiki var þar á mörgum mönnum í því heimboði, þar til er biskup var grafinn ok um hann búit. En með fortölum Magnúss biskups og drykk þeim hinum ágæta, er menn áttu þar til at drekka, þá urðu menn nökkut afhuga skjótara en elligar mundi." (Byskupa sögur. Fyrsta bindi. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Rvík 1953, bls. 22). Hvar þessi laug í Laugarási hefur verið, veit sjálfsagt enginn með vissu, en langlíklegast er, að hún hafi verið í Launrétt [009]. Vel gæti líka verið, að hér hafi verið laug svipuð Snorralaug, enda hefur fundizt fornt hellugólf [034] á Hverahólma, ef til vill eftir einhvers konar baðhús eða laug," segir í örnefnaskrá. Ekki reyndist unnt að staðsetja laug þá er Ketill biskup andaðist í. Ekki er vitað hvar hún var og engar sýnilegar minjar eru um laug á hverasvæðinu í Laugarási.

Heimildir: Ö-Laugarás, 3

ÁR-381:034 *Hverahólmi* heimild um bað X 427104 Y 402167

"[H]efur fundizt fornt hellugólf á Hverahólma, ef til vill eftir einhvers konar baðhús eða laug. [...] Milli Draugahvers [011] og Bæjarhvers [010] bungar landið lítillega upp, og þar eru Hverahólmar; þar hafa verið matjurtagarðar síðan um 1930," segir í örnefnaskrá. Hverahólmi er um 90 m norðvestan við bæ 001. Grasi gróin, ójöfn hæð á milli hvera. Talsvert rask hefur orðið á hverasvæðinu og þar með talið Hverahólma vegna framkvæmda við virkjun heits vatns og gufu úr hverunum.

Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um það hvar hellugólfið í Hverahólma fannst. Engar fornar minjar eru sýnilegar á yfirborði á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Laugarás, 3, 5

ÁR-381:035 *Lambhúshóll* örnefni lambhús X 427238 Y 402107

"Hún [Fjósatjörn, 016] var ræst fram fyrir rúmlega 20 árum [í kringum 1960]. Um svipað leyti var annarri tjörn, Lambhústjörn eða Lambhúsdæl, nokkrum metrum austar, eytt með því að Lambhúshól var mokað ofan í hana. Segja má, að kennileiti um þessa staði séu nú með öllu horfin," segir í örnefnaskrá. Lambhúshóll var um 40 m austan bæjar 001, um 30 m suðaustan Fjósatjarnar 016. Í beitartúni fast norðan núverandi vegar. Engin ummerki um lambhús sjást lengur á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 6

ÁR-381:036 *Auðsholtshamar* heimild um ferju X 427550 Y 402843

"Um það bil 400 metrum ofar [en heygarður frá Skálholti, 020] á árbakkanum er Auðsholtshamar, beint á móti bæjarhúsunum í Auðsholti. Þar er enn ferjustaður," segir í örnefnaskrá tekin saman 1981. Ferjustaðurinn telst því mögulega ekki til fornleifa samkvæmt minjalögum en þar sem ekki er þekkt hve lengi hann hefur verið í notkun er staðurinn látinn njóta vafans. Ferjustaðurinn var á Hvítá um 820 m norðaustur af bæ 001 um 70 m suður af lendingu er naust 042. Bakki Hvítár er vaxinn lúpínu næst ánni í landi Laugaráss, en gras tekur við örlítið ofar, vestur af ánni. Greinileg leið [045] er á um 20 m kafla ofan af bakka vestan við ána að árbakkanum sjálfum þar sem ferjunni virðist hafa verið lent.



Auðholtshamar ÁR-381:036, horft til austurs

Heimildir: Ö-Laugarás, 7

ÁR-381:037 tóftir býli X 427005 Y 403082

Tóftir og túngarður sem tilheyra að öllum líkindum víkingaaldarbýli eru syðst í Holtinu, 70 m suðaustan við tóftir í Stekkatúni 023 og 870 m sunnan við bæ 001. Stór hluti minjasvæðisins er innan sumarbústaðarlóðar þar sem er talsverð skógrækt. Um áður óþekktar minjar frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi er að ræða og hafa ekki fundist neinar heimildir um þær. Minjarnar

eru í þýfðu holti sunnan við Laugarásmýri. Mýrin var áður mjög votlend og ill yfirferðar en hefur verið þurrkuð og er stór hluti byggðarinnar í þéttbýlinu Laugarási í henni. Minjasvæðið nær einnig yfir lágan þýfðan rima austan við holtsendann. Innan sumarbústaðarlóðar er sem fyrr segir talsverð skógrækt sem ógnar minjunum.



Tóftir ÁR-381:037



Tóftir ÁR-381:037. Til vinstri er tóft A, horft til SSA, og til hægri er tóft B, horft til SSA.

Þrjár tóftir, ein þúst og túngarður eru á svæði sem er um 270x150 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Túngarður C afmarkar minjasvæðið að nokkrum hluta. Hann er mjög greinilegur um 40 m suðvestan við tóft A, neðarlega í aflíðandi brekku niður af Holtinu til suðurs. Garðurinn sést á löngum köflum meðfram suður- og austurhliðum túnsins. Þar sem garðurinn sést ekki er ástæðan víðast

jarðvegsrof og er hann nánast horfinn á suðaustanverðu holtinu af þeim sökum. Garðurinn sést því ekki nema að litlu leyti meðfram norðurhlið túnsins og ekkert á vesturhliðinni. Túngarðurinn er 4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hann er genginn í þúfur en enn vel greinilegur þar sem hann er ekki horfinn vegna rofs. Þar sem hann er hæstur, syðst, er hann um 0,8 m á hæð. Tóftir A og B eru þétt saman á flata í aflíðandi brekku vestast á minjasvæðinu, innan sumarbústaðarlóðar. Tóft A er litlu ofar og sunnar en tóft B. Hún er skálalaga og er 16x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin virðist vera einföld. Mesta hæð veggja er um 0,4 m. Ekki er sýnilegt op á tóftinni. Við suðausturenda tóftarinnar er stórþýft og mögulega framhald af skálanum á svæði sem er um 10x6 m að stærð og snýr eins og tóftin. Grónar götur, líklega fjárgötur, liggja í gegnum þýfið. Um 3 m suðvestan við tóft A er ógreinileg og sigin tóft B. Hún er um 12x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin virðist vera einföld og er mesta hæð veggja um 0,3 m. Fjárgata liggur á milli tófta A og B og er búið að gera göngustíg í götunni og setja viðarkurl ofan í hana. Þúst E er fast norðaustan við sumarbústaðarlóð, á mörkum rofsvæðis í suðaustanverðu Holtinu. Þústin er fast sunnan við túngarð C og 15 m norðaustan við tóft A. Hún er um 12x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést móta fyrir innanmáli hólfa í þústinni. Hún er um 0,3 m á hæð og er stór hundaþúfa í suðurenda hennar. Tóft D er á lágum þýfðum rima austan við suðurenda Holtsins og um 170 m austan við tóft A. Hún er tvískipt og er um 18x14 m að stærð og snýr ASA-VNV. Hólf I snýr ASA-VNV og er 10 m á lengd og 0,5-1 m á breidd innanmáls. Ekki sést op á því. Hólf II gengur til SSV úr suðausturhorni. Það er um 6x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf II virðist vera niðurgrafið og veggirnir í þessum hluta tóftarinnar eru um 2 m á breidd en annarsstaðar 2,5 m á breidd og allt að 4 m á breidd í VNV-enda hólfs I. Mesta





Tóftir ÁR-381:037. Á efri myndinni er garðlag C, horft til norðvesturs, og á neðri myndinni er tóft D, horft til suðausturs

hæð veggja í tóft D er um 0,2 m. Fleiri minjar sem tilheyra býlinu gæti verið að finna innan garðs á sumarbústaðarlóðinni í þýfinu og trjágróðrinum sem þar er. Minjarnar eru í mikilli hættu vegna trjáræktar og byggðar í þéttbýlinu í Laugarási sem teygir sig sífellt lengra til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-381:038 heimild um landamerki X 427135 Y 403867

"Landamerki milli Laugaráss og Höfða: Varða sem stendur í Holtsrana í sundi, sem gengur yfir þvert Langholt, milli sauðhússtóttar [024] frá Laugarási og sauðahúss frá Höfða [ÁR-386:013]," segir í örnefnaskrá, þar sem vitnað er í landamerkjalýsingu frá 1886. "Um örnefnið Holtsrana hef ég engar heimildir, nema landamerkjalýsinguna hér að framan. Greinilega er átt við nyrzta hluta Holtsins, þar sem hallar lítillega til norðurs. Umræddar vörður eru nú horfnar, en girðing er á landamerkjum" segir í örnefnaskrá. Vörðurnar voru á merkjum Laugaráss og Höfða um 1,8 km norður af bæ 001. Á núverandi merkjum er á Langaholti lítill holtrani sem hugsanlega er Holtsrani sá sem nefndur er í landamerkjalýsingu. Hann teygir sig til suðurs í votlendi á holtinu.

Enga vörðu eða vörðubrot er lengur að finna á Langholti við merki en þar er nú (2015) gaddavírsgirðing.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Laugarás, 2 og 8.

ÁR-381:039 heimild um mógrafir

"Þar [við Hvítá] var einnig mótak," segir í Sunnlenskum byggðum I. Engar frekari upplýsingar fengust um hvar mótekjusvæði á jörðinni voru og engin slík sáust á vettvangi eða voru greinanleg á loftmyndum. Af þeim sökum reyndist ekki unnt að staðsetja mógrafir í Laugarási og er líklegt að þær séu horfnar vegna framræslu, ræktunar og bygginga.

Heimildir: SB I, 120

ÁR-381:040 heimild um bað

"Nokkru austar en Skálholt, hinum megin við engið, liggur hæðardrag, Laugarás ásamt samnefndum bæ, neðan við ásinn eru 7-8 hverir. Þar má sjá leifar af stíflu í endanum á litlu lautardragi. Þar renna nokkrir smálækir. Þarna var áður baðstaður," segir í Íslenskum sögustöðum I. "Laug sú sem nú er notuð, liggur fjórðung úr mílu frá Skálholti, þar sem heitir í Laugarási. Er hún hlaðin úr torfi og grjóti á sléttri klöpp nokkrum skrefum fyrir neðan

sjóðandi hver. Rennur vatnið úr honum í stokk niður í baðþróna, en þegar hún er full, fellur lækurinn fram hjá henni niður í vík úr Hvítá," segir í Ferðabók Eggerts og Bjarna. Gert er ráð fyrir því að laugarnar sem nefndar eru hér að ofan séu á sama eða svipuðum stað þó að orðalagið í Ferðabókinni gefi til kynna að það hafi verið breytilegt hvaða laug var notuð á hverjum tíma. Ekki er ólíklegt að þessar laugar hafi verið á sama eða svipuðum stað og laugin sem Ketill biskup andaðist í (sjá 033) eða í Hverahólma þar sem fornt hellugólf hefur fundist (sjá 034). Nákvæm staðsetning þessara minja er ekki þekkt og því reyndist ekki unnt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju. Ljóst er að allir þessir baðstaðir í Laugarási sem heimildir nefna eru í og við hverasvæðið vestan við Laugarásholtið. Það er mikið raskað nyrst þar sem búið er að steypa þrær yfir stærstu hverina og búið er að girða svæðið sunnan við þá af þar sem heitir lækir renna frá þeim í Vöðlana, vík úr Hvítá.

Heimildir: KK I, 123

ÁR-381:041 heimild um fjárhús X 426413 Y 402687

Í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 segir: Fjárhús. Sunnan og vestan þjóðvegar á vestasta holtinu en síðan kemur mýri í átt að Skálholti. Er austan í holtinu, á brúninni og er uppblástursgeiri fasts norðan við tóftina." Upplýsingar um tóftina lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang sumarið 2015. Hún sést hins vegar á loftmyndum á GoogleEarth frá 2012 og er hún fast norðan við sumarhúsalóð, um 960 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er á holti sem að mestu gróið en hólkollar hafa blásið upp hér og hvar. Mýrar eru austan og vestan við holtið.

Tóftin var ekki skoðuð á vettvangi og því er ekki hægt að segja til um ástand hennar eða gera hættumat fyrir hana. Teikning er af henni í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur. Hún skiptist í fjárhús og hlöðu og er um 13x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er veggur í suðausturenda tóftarinnar þar sem hefur verið þil með dyrum inn í fjárhúsin. Op er úr fjárhúsum til norðvesturs inn í hlöðuna. Veggir eru 0,8 m á hæð. Í minjaskránni segir einnig um tóftina að hún sé það gömul að hún er eins og móinn í kring.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986, nr. 744; GoogleEarth

ÁR-381:042 tóft naust X 427513 Y 402787

Um 750 m norðaustan bæjar 001 og um 70 m suður af ferjustað 036 er naust. Bakki Hvítár er vaxinn lúpínu næst ánni í landi Laugarás, en gras tekur við örlítið upp, vestur, af ánni. Naust sem er nálægt lendingu er vel vaxið grasi og mosa. Það er niðurgrafið til vesturs inn í bakka.



Tóft ÁR-381:042, á ljósmynd er horft til suðurs

Naustið er um 8,5 x 4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Það er um 7 x 3 m að innanmáli og er opið til norðurs.Veggir eru um 1,25 m að hæð þar sem þeir hæstir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-381:043 heimild um leið

Óviss gata norðan við Tíðaholt, frá leið [ÁR-691:072] að leið [ÁR-691:041] er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Um þessa leið segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986: "Á loftmynd sést greinilegur slóði frá Laugarási [ÁR-381] í Skálholt [ÁR-380]. Hann sést fyrst á hæðinni rétt vestan við Rauða krossinn, liggur NV yfir holtið þar sem það er breiðast, sést aðeins móta fyrir honum í mýri og kemur upp í vik á næsta holti en rétt sunnan við er uppblásinn hóll og er tóft [ÁR-381:041]Sunnan við hann. Liggur síðan norðvestur yfir holtið og sést óljóst móta fyrir honum í mýri að læk er skilur að Laugarás og Skálholt. Vestan við lækinn hefur verið ræst fram og sést hann þar og liggur beint upp í austurtraðirnar [380.096] í Skálholti," Leiðin lá yfir mýrar og holt, að mestu leyti í landi Laugaráss. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en hún sést á loftmynd frá vesturjaðri byggðarinnar í þéttbýlinu í Laugarási á um 1 m löngum kafla að fyrrnefndum tröðum í Skálholti.

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 742

ÁR-381:044 heimild um hús X 426804 Y 401792

Á herforingjaráðskort frá 1910 er merkt hús á klettahömrum, um 500 m suðvestur af bæ 001 og litlu vestan við Launrétt 009. Líklega hefur húsið verið beitarhús frekar en mannabústaður. Á þessum slóðum eru hamrar grónir grasi og þykkum trjágróðri. Engin ummerki sjást nú um hús á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910.

ÁR-381:045 gata leið X 427550 Y 402843

Óviss gata, frá ferjustaðnum í vestur að leið [ÁR-691:072], er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Að ferjustað 036 á Auðholtshamri er leið ofan af grasbakka að ferjustaðnum. Ferjustaðurinn var á Hvítá um 820 m norðaustur af bæ 001 um 70 m norður af nausti 042. Bakki Hvítár er vaxinn lúpínu næst ánni í landi Laugarás, en gras tekur við örlítið upp, vestur, af ánni. Frá ferjustað 036 er greinileg leið á um 20 m kafla sem liggur til vesturs upp á grasbakka ofan við Hvítá. Er leiðin um 2 m breið og virðist hún hafa verið ekin en ferjan var notuð fram yfir 1981.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV 1910


ÁR-381:046 heimild um beitarhús X 426776 Y 401935

"Var þar sem læknamiðstöðin er nú. Þar átti Ólafur Einarsson fjárhús," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Á þessum stað er nú (2015) húsnæði heilsugæslunnar. Húsið hefur verið um 450 m suðvestur af bænum 001. Beitarhúsin stóðu þar sem nú (2015) er steinsteypt hús án kjallara. Engin ummerki sjást lengur um fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 747

ÁR-382 Iða



Teikning byggð á túnakorti Iðu frá því um 1920. Inn á kortið hafa verið merktir þeir staðir sem skráðir voru 2015.

13. öld: Jarðarinnar er getið í Sturlungu: "Það er annað ráð að fara ofan um ís hjá Iðu," I. bindi, 46O. "Var þá fundur á kveðinn suður við Iðu [...] Litlu síðar komu þeir í Skálaholt Þorsteinn Skeggjason og Jón kárín, segja Þorvarð vera kominn til Iðu," II. bindi, 224. Einnig er jarðarinnar getið í sömu sögu, II. bindi, bls. 294.

1686: 33 hdr. 80 ál. Skálholtskirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1695: 33 hdr. 40 ál. skv. The Old Icelandic Land Registers, 112.

1709: "Jarðardýrleiki er óviss. Eigandinn Skálholts dómkirkja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 289.

1847: 47 hdr. Bændaeign, 2 eig, skv. Jarðatali Johnsens, 69.

Árið 1896 var tvíbýli í Iðu. Býlunum tilheyrðu samtals 11 bæjarhús og 16 peningshús. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 bæjarhús og 4 peningshús gjörfallin. 6 bæjarhús og 7 peningshús voru mjög skemmd. 2 bæjarhús og 5 peningshús voru lítið skemmd skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 178.

1920: Á túnakorti frá 1920 er jörðinni skipt í Iðu I vesturpart og Iðu II austurpart. Túnakort 1920 Iða I vesturpartur "er helmingur af Iðu, og var endanlega gengið frá skiptum á landi sumarið 1976. [...] Í Hvítá norður af jörðinni er óskipt eyja um 25 ha að stærð, er Þengilseyri nefnist. [...] Iða II austurpartur [...] er að mestu austurhluti Iðu, en hún á einnig þrjá landskika, sem eru inni á landi Iðu I, og tengist við óskiptu ræmuna við Hvítá á einum stað í hornamarki við aðalland jarðarinnar. [...] Í eyði frá 1957. Iða III [var s]tofnað sem iðnaðarbýli í landi Iðu I árið 1972. Land þess er 4.360 m2 að stærð, og nær syðsta horn þess niður að heimreiðinni að hinum Iðubæjunum, en það er annars sunnan í svonefndum Vesturási, sem er norðvestan við bæina," segir í Sunnlenskum byggðum, 141-3.

Túnakort 1920: Vesturbær: Tún 2,3 ha; 1/3 slétt; matjurtagarðar 810 m². Íbúðarhús er ekki á kortinu. Austurbær: Tún 2,2 ha; 1/3 slétt; matjurtagarður1239 fm.

"Laxveiði hefur verið í Hvítá, en er nú burtu sökum sandeyra. Reiðingsrista er hér góð [...]. Bakkaengjum jarðarinnar hafa Laxá og Hvítá spilt og spilla, berandi upp á grjót og sand. Átroðningi miklum mætir þessi jörð af ferðafólki, sem fer yfir Hvítá á Skálholts hamri," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 289.

Iða I: "Jörðin er meðalstór og að hluta láglendi, sem er bæði mýrar og valllendisbakkar, en að hluta lítt grónir klapparhólar og fjalllendi, sem er að nokkru vaxið mosa, lyngi og grasgróðri, en það nær upp undir 400 metra hæð yfir sjávarmál. Sums staðar eru hamrabelti í fjallinu, en að norðanverðu er það greitt uppgöngu. [...] Hlunnindi eru lax og silungsveiði," segir í Sunnlenskum byggðum I. 141.

Iða II: "Verulegur hluti landsins er mýri, en bakki Hvítár er þurrlendur. Einnig eru valllendisbrekkur í klappahólunum, sem eru einkum kringum bæinn [...] Þarna er mikil flæðihætta í vatnavöxtum á útmánuðum [...] Beitiland er fremur gott enda gróðurfar fjölbreytt og jörðin snjólétt á vetrum. Sumarland er allgott fyrir sauðfé í Vörðufelli [...]. Hlunnindi eru veiði í ánum, sem er óskipt með Iðu I," segir í Sunnlenskum byggðum I. 142.





Iða ÁR-382:001. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs, á ljósmynd til hægri er horft til vesturs. Myndirnar eru teknar 1956 eða 1957, úr safni Guðmundar Ingólfssonar, birtar með leyfi.

ÁR-382:001 *Iða* bæjarhóll bústaður X 426072 Y 400925

Bæjarhóll Iðu var þar sem nú (2015) er plan, trjálundur og steinsteypt hús án kjallara. Rétt við bæinn var áður matjurtagarður sem er bæði merktur inn á túnakort frá 1906 og 1920. Tvíbýlt var að Iðu en hús Vestur og Austurbæjar voru sambyggð samkvæmt Guðmundi Ingólfssyni, heimildamanni. Heimatún Iðu er nú (2015) að mestu komin undir íbúðarhús, malarvegi og trjágróður.



Iða ÁR-382:001, horft til norðvesturs

Ekki er lengur að sjá nokkur ummerki um eiginlegan bæjarhól á þessu svæði. Á myndum sem teknar voru 1956 eða 1957 má sjá steinsteypt hús þar sem hóllinn var og kálgarð við húsin en umrædd hús eru nú öll horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Túnakort 1920

ÁR-382:002 heimild um útihús X 426072 Y 400925


Útihús við Austurbæ er merkt inn á túnakort frá 1920 fast utan í bæjarhúsunum 001. Bæjarhóll var þar sem nú (2015) er malarplan, trjálundur og steinsteypt hús. Heimatún Iðu er

nú að mestu horfið í hús, malarvegi og trjágróður. Engin ummerki sjást um útihúsið lengur. Það var ekki merkt inn á túnakort af Iðu frá 1906 og gæti því hafa verið byggt 1907-1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-382:003 tóft útihús X 426184 Y 400947





Tóft ÁR-382:003, á ljósmynd er horft til norðvesturs

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1906 og 1920 um 90 m NA frá Austurbæ 001. Tóftin er um 110 m austur af bæ 001, austan til á Austurás. Um hana segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur frá 1986: "Tóft: Um 8 m norðan við næsta staur sem er sunnan við tóft [024]. Tóft að austanverðu í ás." Tóftin er í graslendi upp á Austurás, innan hins gamla túns bæjarins. Tóftin er niðurgrafin um 0,5 m og eru engar hleðslur greinanlegar. Hún er um 5 x 1,5 m að innanmáli, einföld, og snýr austur-vestur. Ekki er hægt að greina op í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Túnakort 1920 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1035

ÁR-382:004 heimild um útihús X 426018 Y 400898

Útihús og matjurtagarður eru merkt inn á túnakort frá 1920 um 10 m vestur frá Austurbæ 001. Nú (2015) er verkstæði, malarplan þess og vegur þar sem útihúsið var og sléttað tún þar sem kálgarður var. Engin ummerki húss og kálgarðs sjást nú (2015) en þar sem kálgarður hefur verið vaxa sóleyjar þétt. Útihúsið og garðurinn eru ekki merkt inn á túnakort frá 1906 og gæti það verið vísbending um að þau hafi verið gerð á tímabilinu 1907-1919 en útihús og kálgarð má sjá á mynd af Iðubæjum sem tekin var 1956 eða 1957.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-382:005 *Traðir* heimild um traðir X 426007 Y 400908

Traðir eru merktar inn á túnakort frá 1920, þær lágu frá bænum í norðaustur átt, milli Austur- og Vesturása, út úr túni og hugsanlega tengst þar leið 045. "Ásinn austur af Vesturás heitir Austurás, og mýrarsund þar á milli nefnist Dæl. Hún tilheyrði vesturbæ. Þá tók við heimreiðin sem kölluð var Traðir," segir í örnefnaskrá. Á þessum slóðum er nú (2015) er verkstæði og plan þess, þar sem Traðirnar lágu.

Engin ummerki sjást um traðirnar nú. Þær eru ekki merktar inn á túnakort frá 1906 sem gæti verið vísbending um að þær hafi komist í notkun litlu síðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, Ö-Iða A 7

ÁR-382:006 heimild um fjárhús X 426018 Y 400906

Matjurtagarður er merktur inn á túnakort frá 1906 um 25 m vestur frá bæ 001. Á túnakort Vesturbæjar frá 1920 eru merkt inn fjárhús og hlaða auk matjurtagarðar á sama stað. Á þessum slóðum er nú (2015) er verkstæði og plan þess, þar sem húsin og kálgarðurinn var. Engin ummerki sjást um mannvirki á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920 og Túnakort 1906

ÁR-382:007 heimild um traðir X 425990 Y 400894


Gata er merkt inn á túnakort frá 1906 frá bæjarhúsum 001 að matjurtagarði 006 og þaðan til suðvesturs að túnmörkum. Inn á túnakort Vesturbæjar frá 1920 er merktar traðir meðfram matjurtagarði 006 og virðist hún vera sama leið og merkt er á bæjarteikningu frá 1906. Traðirnar hafa verið um 90 m vestur af bæ 001 á sömu slóðum og núverandi heimreið að Iðu liggur enn, og legið á leið 010. Undir yngri heimreið er nú á þessum slóðum og engin ummerki sjást um eldri heimreið.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Túnakort 1920

ÁR-382:008 tóft lambhús X 426050 Y 401104

Útihús eru merkt inn á túnakort frá 1906 um 190 m NNV frá bæ 001. Húsin voru lambhús og um þau er fjallað í Minjaskrá Bryndísar Róbers frá 1986 en þar segir: "13-14 m austar en [horfnar tóftir 076] austast á ásnum, rétt ofan við girðingu sem er utan um trjágróður. [...] Líklega notað frá 1930-1940. 10-15 ár í notkun," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur





Tóft ÁR-382:008, á ljósmynd er horft til suðurs

1986. Tóft útihússins sést enn. Túngarður 009 liggur þvert yfir Vesturás, um 80 m norðaustur af tóftinni. Vesturás er flatur að ofan og vel vaxinn grasi og sóleyjum.

Tóftin er á austur brún Vesturás. Hún er vel gróin að innan sem utan og er um 8 x 4 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er tvískipt. Tóftin er niðurgrafin til vesturs. Þar er veggháð mest eða um 0,75 m en annars eru hleðslur mest um 0,5 m háar. Nyrðra hólf er um 3 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur og það syðra er um 2 x 1,5 m og snýr eins. Ekki að sjá nein op á tóftinni, né í hleðslur í veggjum. Greinilegt er að útihús hefur verið á þessum stað a.m.k. Lambhúsið er frá því um aldamótin (þar sem það er merkt inn á túnakort frá 1906). Mögulegt er að nýtt hús hafi risið á sama stað á 4. áratug 20. aldar eins og Bryndís gerir ráð fyrir en tóftin er þó fremur sigin og gæti vel verið eldri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1031.

ÁR-382:009 garðlag túngarður X 426212 Y 400992

Samkvæmt túnakortum frá 1906 og 1920 afmarkar túngarður túnið að hluta túna í Iðu. Samkvæmt túnakortinu hefur túngarðurinn markað vesturhlið túns og hluta norðaustur- og suðausturhliða. "Túngarður: Er norðan við tún. [... L]iggur síðan þvert yfir tún í skurðenda og upp á ásinn (norðan við nýja íbúðarhús[ið]). Annar garður [er] undir ásnum, nokkru ofan við hinn og annar ofar utan í ásnum að vestan," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 og á öðrum stað í sömu skrá segir: "Utan í ásnum sem er SA við Smiðjuhól [027] er að norðvestan grjótgarður, gat verið hleðsla undir girðingu. [...] Hún nær eitthvað suður með ásnum. Til norðausturs nær hún niður með ás, en síðan tekur við torfhleðsla í mýrinni," og enn öðrum stað: "Sunnan til á ás norðaustan bæjar [Austurás] [...]. Túngarðurinn liggur upp ásinn að vestanverðu og yfir hann," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Þar segir einnig frá "gerði austan til á ás [Austurás]. [...] Austast á ásnum en fast sunnan við túngarðinn er ferhyrnt gerði." Ekki er að sjá gerði þar í dag, en væri líklegast um 10 m A af tóft 024. Túngarðurinn sést enn á köflum, m.a. Uppi á Austur- og Vesturásum, norðan bæjar 001, og milli Smiðjuhóls og Suðuráss til suðurs. Ásarnir sunnan túngarðs eru mun betur grónir en norðan túngarðs þar sem þeir eru mosavaxnir.



Garðlag ÁR-381:009, horft til austurs

Samkvæmt túnakortum frá 1906 og 1920 er tún Iðu um 450 x 200 m að stærð og snýr norður-suður. Á túnakorti frá 1906 er túngarður merktur á vesturmörkum túns, til norðurs upp á Vestur- og Austurásum og til suðurs fast austur af Suðurás. Hluti túngarðs sést enn vel. Hann er um 0,5 m hár mest en yfirleitt aðeins um 0,3 m að hæð og um 1 m breiður. Garðurinn er torfhlaðinn og mjög vel gróinn á Vestur- og Austurásum, en í suðri, milli Smiðjuhóls og Suðurhóls er hann grjóthlaðinn og ógróinn. Garðurinn á vesturmörkum túns er horfinn og er heildar lengd túngarða er um 160 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906, Túnakort 1920; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 527, nr. 507, nr. 1033.

ÁR-382:010 *Vestursund* heimild um leið X 425842 Y 400802

"[Miðaftansholt, Sauðholt 022 og Stöðulholt 053] eru öll í röð. Mýri frá þeim og að túni var kölluð Vestursund. Yfir hana hefur áður verið lögð stétt eða stígur úr grjóti til að ganga á stöðulinn [053] til að mjólka og heim með mjólkina," segir í örnefnaskrá. Stéttin hefur í raun verið áframhald traða 007. Hún var um 260 m suðvestur af bæn 001. Stéttin hefur legið nokkurn veginn þar sem núverandi gata að sumarbústað á Stöðulholti er. Gata við framræst beitartún. Engin ummerki eldri stéttar eða stígs sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða, 6

ÁR-382:011 *Stekkatún* heimild um stekk X 425772 Y 400535

"Suður og niður af Nónskarði er Stekkatún. Þar er nú tún og einhver hús uppistandandi, en langt er síðan kindur voru hafðar þar," segir í örnefnaskrá. "Á Stekkjartúni: Norðan við lægð þar sem vatnsból eru. Fjárhúsið sem var norðar [en beitarhús 041] í Stekkjartúninu er alveg búið að slétta út en stóð á hól í túni [...] Notað fram til 1950-1960. Fjárhúsin [011 og 041] voru frá sitt hvorum Iðubænum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Beitarhús 011 voru um 490 m suðvestur af bænum 001, en ekki er vitað frá hvorum bænum fjárhúsin voru nýtt. Sléttað, framræst tún er nú á þessum slóðum. Engin ummerki um beitarhúsin sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 3; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 525

ÁR-382:012 *Innra-Gildruskarð* örnefni refagildra X 425618 Y 400180



Innra-Gildruskarð ÁR-382:012, horft til norðausturs


"Upp af Einbúa er Innra- eða Efra-Gildruskarð og nokkru framar (sunnar) Fremra-Gildruskarð. Vera má, að Gildruskörð hafi dregið nafn af refagildrum, þótt ekki sé kunnugt um það nú," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðmundi Ingólfssyni, heimildamanni, kallast skörðin einnig Gildragsskörð og sé það

upprunalegt örnefni má vera að þar hafi aldrei verið gildra. Guðmundur kannaðist ekki við gildrur á þessum slóðum og engin ummerki sjást um gildrur þar nú (2015). Skörðin eru m 850 m suðvestur af bæ 001 og um 50 m vestur af garðlagi 042. Gróið gildrag. Engin ummerki um refagildrur sjást nú (2015) á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 4

ÁR-382:013 *Hestatorfa* tóft beitarhús X 425729 Y 399592





Hestatorfa ÁR-382:013, á ljósmynd er horft til austurs

"Hestatorfa er nokkuð breiður hryggur, sem nær hátt upp í [fjalls] hlíð.[...] Þar eru tóftarbrot," segir í örnefnaskrá. "Hesthús: Uppi á hæð upp af sumarbústöðum sem er austan undir Vörðufelli. Nokkuð hátt uppi í fjallshlíðinni á hæð þar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er um 1,4 km suður af bæ 001 og um 830 m sunnan af tóft 041. Hestatorfa er grasigróin flöt upp miðja hlíð Vörðufells, austanmegin í fjallinu.

Tóft er um 8 x 3 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Hún er einföld og vel gróin. Austurveggur hennar er mest um 0,4 m á hæð en víðast um 0,2 m að hæð. Innanmál tóftar er 5 x 0,5 m en langveggir virðast hafa hrunið inn í tóftina. Ekki er greinanlegt op á tóftinni og ekki sést grjót í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 4 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 522

ÁR-382:014 *Miðmundavarða* varða eyktamark X 425417 Y 398684

"Frá Hestatorfu [013] er fremur stutt upp á brún, og þar í suðvestur er komið að Miðmundarvörðu, sem var eyktarmark á Iðu. Varðan er, þar sem hæst ber á þessum stað," segir í örnefnaskrá. Ekki fannst leið að vörðunni á vettvangi en Guðmundur Ingólfsson,

heimildamaður, taldi að hún stæðin enn (2015) á klettum sunnan við Markagil. Er það um 2,3 km SSV af bænum 001 og um 1 km SSV af tóft á Hestatorfu 013.
Heimildir: Ö-Iða A, 5

ÁR-382:015 *Markás* heimild um landamerki X 424954 Y 398456
"Frá Miðmundatjörnum í vestur er Markás. Þar er markvarða milli Iðu og Fjalls," segir í örnefnaskrá. Ekki fannst leið að vörðunni á vettvangi og þekkti Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, ekki til þess hvort varðan stæði enn. Varðan hefur verið um 2,7 km suðvestur af bænum 001 og um 1,4 km suðvestur af Hestatorfu 013 á ás á Vörðufelli.
Heimildir: Ö-Iða A, 5

ÁR-382:016 *Markvarða* heimild um landamerki X 424664 Y 398563
"Í austur frá [vörðu á Markási] er Markavarða, þar sem liggja landamerki Iðu og Helgastaða." Ekki fannst leið að vörðunni á vettvangi og þekkti Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, ekki til þess hvort varðan stæði enn. Varðan hefur verið efst við Svartagil vestan megin í Vörðufelli, um 2,7 km suðvestur af bænum 001 og um 700 m ASA af garðlagi 039.
Heimildir: Ö-Iða A, 5


ÁR-382:017 heimild um hús X 426335 Y 401742
Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt hús þar sem ferjan lenti Iðumegin, mögulega ferjukofi. "Tóft var þar sem brúarsporður er núna Iðumegin," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986 og á hún líklegast við hús það sem merkt er inn á herforingjaráðskort. Guðmundur Ingólfsson kannaðist ekki við tóft á þessum stað en brúarsporðurinn er um 860 m norður af bæ 001. Ferjustaðurinn var þar sem hamrar eru við ána og núverandi brú liggur yfir Hvítá. Engin ummerki mögulegs ferjukofa sjást nú (2015).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 528.

ÁR-382:018 *Reiðveraholt* frásögn áfangastaður X 426154 Y 401766
Um 840 m norður af bæ 001 er Reiðveraholt sem Guðmundur Ingólfsson heimildamaður telur hafa verið áningar- eða tjaldstað fyrir ferðalanga yfir Hvítá. Hafa slíkir ferðalangar líklegast ferðast eftir leið ÁR-691:074 eða 075 og leið ÁR-691:041 í landi Laugaráss. Grasi gróið holt nálægt bökkum Hvítár. Engin mannaverk eru að sjá á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 6

ÁR-382:019 tóft rétt X 426297 Y 401604





Tóft ÁR-382:019, á ljósmynd er horft til austurs

"Gengt Vörðuskeri [381:008] er Réttarás, sem er eiginlega hluti af Hamrinum, og liggur þar klappartangi út í Hvítá, Réttarnef. Þar skammt frá er fjárrétt, sem ekki er notuð lengur," segir í örnefnaskrá. Réttin er enn á sínum stað um 720 m norður af bæ 001, um 20 m suður af Hvítá. Réttin er nú í garði sumarbústaðs við bakka Hvítár. Réttin er um 9 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru um 1 m háir og 1 m breiðir. Tóftin er einföld, ferningslaga. Ekki er hægt að sjá grjót í veggjum og ekki er op á tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 6

ÁR-382:020 heimild um tóft X 425366 Y 401370

Á loftmynd í kortasjá Landmælinga Íslands má sjá tóft um 10 m austan túns á bökkum Hvítár, við Stórueyri, um 830 m norðvestur af bæ 001. Á loftmynd Google Earth frá 2012 er á sama stað að sjá líkt og sé vatn og sést þar ekki tóft. Það sama er að segja af loftmynd á kortasjá Minjastofnunar Íslands, þar er vatnið horfið en ekki er að sjá þar tóft, sú mynd er frá 2014. Loftmynd í kortasjá Landmælinga Íslands er ekki dagsett en virðist vera eldri en þær sem er að finna á Google Earth og kortasjá Minjastofnunar Íslands. Á grasivöxnu svæði austan túns á bökkum Hvítár. Af loftmynd á vef Landmælinga Íslands að dæma hefur tóftin verið um 23 x 12 m að stærð og snúið norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kortasjá Landmælinga Íslands, Kortasjá Minjastofnunar Íslands, Google Earth

ÁR-382:021 *Nátthagi* garðlag nátthagi X 425966 Y 401100



Nátthagi ÁR-382:021, horft til suðurs

"Milli Túnáss og Brúnaráss er lægð, og þar er Nátthagi. Þar var búfé geymt á nóttunni, milli mjalta. Nátthagi hefur verið afmarkaður með hlöðnum görðum, og sást móta fyrir þeim," segir í örnefnaskrá. Nátthaginn er um 210 m norðvestur af bæ 001 og um 80 m vestur af tóft 008. Guðmundur Ingólfsson heimildamaður nefndi Nátthagann Nátthagatún. Nátthaginn er í blautri lág vestur af Vesturás. Mýrin er vaxin mýrargróðri en hefur verið ræst fram.

Enn sér eftir af görðum hagans á kafla. Garðhleðslan er mest um 0,4 m að hæð og um 1 m á breidd. Í heildina er garðurinn um 65 m að lengd. Garðurinn liggur í vestur af Vesturás í um 5 m þar til hann beygir til suðurs. Liggur hann í 60 m til suðurs áður en hann hverfur í skurð og mýrargróður nálægt núverandi vegi. Ekki er að sjá garð til suðurs eða austurs.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 7

ÁR-382:022 *Sauðholt* tóftir hlutverk óþekkt X 425569 Y 400878

Sauðholt er um 500 m vestur af bæ 001 og um 160 m vestur af tóft 055. Á Sauðholti eru þrjár tóftir. "Í Sauðholti talaði Ingólfur [Jóhannsson] um tóftir tær, þar sem voru hús um eða eftir aldamót. Þá gerði austan stórviðri og bárujárn úr húsi fauk allt í ána. (Þetta á við um einhverjar af þessum fjórum tóftum [022a til d]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Um þessar tóftir segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur: um tóft 022a: "Syðst og vestast í Sauðholti," um tóft 022b "Rétt austan við og aðeins norðan við tóft [022a]," um tóft 022c "Tæpum 20 m norðan við tóft [022b]," og um 022d segir "Aftan við tóft [022c]." Með "aftan við" á Bryndís líklega við norðvestan við tóft 022c en þar eru nú (2015) aðeins rofablettir en engin tóft. Á Herforingjaráðskorti frá 1910 eru merkt tvö hús á Sauðholti. Grasigróið sandholt í brekku sem hallar til vesturs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 50 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er syðst á svæðinu, mjög gróin og sker sig lítið úr umhverfi sakir gróðurs. Tóftin er 9 x 5 m stór, einföld, en um 5 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ytri brún veggja er um 0,1 m að hæð en tóftin er grafin niður um 0,2 m. Op er á vesturvegg tóftar miðjum en ekki sést grjóthleðslur í veggjum. Tóft B er um 10 m austur af tóft A. Hún er skeifulaga, um 3 x 3 m stór. Tóft B er 1 x 1 m að innanmáli og op á vesturvegg hennar. Vegghæð er mest um 0,3 m en ekki er að sjá grjót í veggjum. Tóft C er um 25 m norður af tóft B. Hún er vel gróin, um 7 x 4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er um 5 x 2 m að innanmáli. Austurvegur tóftar er illa farinn af rofi en má sjá glitta í steina í veggjum um tóftina alla. Tóftin er niðurgrafin um 0,5 m en hleðslur eru þar að auki eru mest um 0,1 m að hæð.



Sauðholt ÁR-382:022



Sauðholt ÁR-382:022, tóft A, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 516, 517, 518, 519.

ÁR-382:023 álagablettur X 426138 Y 401000

"Norður úr Hálfvelli gengur lítill klapparhóll, grasi gróinn að ofan. Honum eru sögð fylgja þau álög, að ekki megi rista þar torf, þá drepist snemmbæran á bænum," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 100 m norðvestur af bæ 001. Algróinn hólrani sem skagar út úr Hálfvelli. Náttúrulegur gróinn hóll.




Álagablettur ÁR-382:023, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 7

ÁR-382:024 tóft lambhús X 426213 Y 400985





Tóft ÁR-382:024, á ljósmynd er horft til vesturs

"Ásinn austur af Vesturás heitir Austurás [...] Lambhús var uppi á Austurás," segir í örnefnaskrá. "Tóft: Á sama holti og [003 og 009] er rétt sunnan við rafmagnsstaur sem er hæst á holti. [...] Notað í tvö ár af Einari en byggt fyrir neðan ás 1931," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Lambhústóftin er um 150 m norðvestur af bæ 001 og um 1 m suður af túngarði 009. Sunnan túngarðs 009 er Austurás vel vaxinn grasi og sóleyjum. Ásinn er nokkuð flatur efst en hallar skarpt niður.

Tóftin er um 6 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist tvískipt, hvort hólf um 4 x 1,5 m að innanmáli.Tóftin er illgreinanleg, veggir eru lágir eða mest um 0,1 m að hæð, en tóftin er niðurgrafin um 0,3 m í vesturenda. Veggirnir eru mosavaxnir en annars sker tóftin sig ekki út úr umhverfinu. Ekki er vitað hvenær tóftin var byggð en samkvæmt

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur var hún í notkun um stutt skeið rétt fyrir 1930. Hafi hún aðeins verið byggð þá telst hún ekki til fornleifa samkvæmt 100 ára aldursreglu laganna en hún er látinn njóta vafans og tekin á fornleifaskrá enda byggð að gamalli byggingarhefð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Iða A, 7; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1034

ÁR-382:025 *Ljóstún* álagablettur X 426067 Y 400749

"Suðvestur af Austurás og næstur fjallinu er hæst ásinn, Suðurás. Þar er klapparhóll, lítið gróinn austan til, nema Ljóstún, sem er sléttur, gróinn blettur norðaustan í honum. Á Ljóstúni hefur sést bregða fyrir ljósi, og þar má ekki slá," segir í örnefnaskrá. Ljóstún er um 180 m suður af bæ 001, upp á Suðurás. Grasi gróinn blettur norðvestan í Suðurás.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Iða A, 7



Ljóstún ÁR-382:025, horft til suðvesturs

ÁR-382:026 tóft hlutverk óþekkt X 425976 Y 400638

"Hinum megin [við Ljóstún], móti suðvestri, lítur ásinn [Suðurás] út sem löng, grasi gróin brekka alveg niður að láglendi, skammt frá Stekkatúni [011]. Í henni vottaði fyrir tóftum. Nú er tún neðst í þessari brekku," segir í örnefnaskrá. "Þrjár tóftir: Sunnan í ás, mói í kring," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Umræddur staður er um 300 m suður af bæ 001 og um 60 m norðaustur af tóft 057. Uppi á Suðurás er grasivaxin brekka, aflíðandi til suðurs.

Uppi á Suðurás eru tóft, í raun þrjár sambyggðar tóftir. Tóftasvæðið er í heild um 15 x 13 m að stærð og snýr norður-suður. Miðjutóftin er sú sem hinar tvær eru byggðar utan í, og sú stærsta. Hún er um 11 x 7,5 m að utan og skiptist í fjögur hólf. Hólf A er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður, en mjókkar til norðurs. Þar er tóftin um 1 m breið og endar í gang meðfram norðurveggnum, milli þessa og hólfs B. Hólf B er um 2 x 2 m að innanmáli. Um 5 m langur gangur er með austurvegg, milli hólfs B og

hólfs C, en báðir gangar eru um 1 m að breidd. Hólf C er um 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf D er í suðvesturhorni og eina hólfið sem ekki er greinanlega tengt hinum. Hólf D er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Steinar eru greinilegir í hleðslum í austur- og suðurvegg og innvegg milli hólfa C og D. Tóft II er byggð vestan í miðjutóft og er hún um 6,5 x 6 og snýr í austur-vestur en deilir austurvegg með tóft I. Tóftin er tvískipt, bæði hólfin eru um 5 x 1,5 m að innanmáli og snúa austur-vestur, með op á vesturvegg. Tóft III er byggð norðan í miðjutóft og er hún um 5,5 x 5 m, snýr norður-suður. Hún er einföld og um 2 x 2 m að innanmáli. Veggir tóftanna eru mest um 0,5 m að hæð.



Tóft ÁR-382:026, á ljósmynd er horft til suðurs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 7 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 508.

ÁR-382:027 *Smiðjuhóll* tóft smiðja X 426041 Y 400808

"Norðan við Suðurás er Smiðjuhóll. Hann var heyjaður, en hvasst er uppi á honum, og hey fauk þar oft. Á hólnum mótar fyrir tóftarbrotum, og þar á að hafa verið smiðja, er í var smíðuð fyrsta sviffluga, er smíðuð var á Norðurlöndum. Það gerði unglingspiltur á Iðu snemma á 18. öld," segir í örnefnaskrá. "Tóft, hugsanlega smiðja: Norðan í Smiðjuhól," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftin er enn merkjanleg um 120 m suður af bæ 001, uppi á háum hól.

Smiðjuhóll er hár hóll fast norður af Suðurás. Hann er vel grasi gróinn, flatur að ofan en brattur niður. Tóftin á Smiðjuhól er um 4,5 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld, um 1,5 x 1 m að innanmáli og er ekkert op greinanlegt á henni. Hleðslur hafa hrunið inn á við, að því er virðist og veggir eru um 0,2 m að hæð. Tóftin er öll mjög vel gróin og sést





Smiðjuhóll ÁR-382:027, á ljósmynd er horft til suðurs

ekki í grjót. Jörð er sviðin fast sunnan tóftar þar sem hefur verið haldin brenna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 8; SB I, 143; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 506

ÁR-382:028 *Lindin* heimild um vatnsból X 426117 Y 400888

"Í jaðri Veitu, eða milli hennar og túns, var Lindin. Hún var klöpp að innan, eins og hlaðin. Þangað var sótt vatn, t.d. í fjósið á vetrum, því að það fraus aldrei, er kaldavermsl. Lind þessi þornaði aldrei, þótt þryti í brunni á hlaðinu. Í leysingum og miklum rigningum rann yfirborðsvatn í Lindina, en hún var hreinsuð eins og hvert annað ílát, þegar það var liðið hjá," segir í örnefnaskrá. Lindin var um 60 m suðaustur af bæ 001. Í grasivaxinni hlíð suður af Suðurás. Engin ummerki sjást nú um Lindina. Hugsanlega hefur hún horfið í skurð sem grafinn hefur verið fast sunnan Austuráss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 8

ÁR-382:029 *Kúaflóð* garðlag áveita X 426272 Y 400591



Kúaflóð ÁR-382:029, horft til norðvesturs

"Lambadýsflóð kemur úr Kúaflóði, blástararflóði, sem er neðan við Skóla. Áveita var kring um það. Þar yfir var hlaðinn garður, sem mátti ganga eftir frá Austurás suður í Fótarholt," segir í örnefnaskrá. Áveitan var um 190 m suðaustur af bæ 001 og um 170 m austur af tóft 025. Kúaflóð er blaut mýri austan vegar og Suðurás.

Í Kúaflóði eru tvö sambyggð garðlög. Hið lengra er um 560 m að lengd og hefst við skurð sem liggur í gegnum Veitu, sunnan Austuráss. Garðlagið liggur í um 340 m í suðaustur, beygir þá til suðurs í um 140 m og loks um 85 m í suðvestur. Hið styttra liggur til vesturs úr hinu lengra, um miðju þess, um 110 m langt. Garðlögin er um 1 m breitt, 0,3 m hátt, mjög slitrótt og á leið að hverfa í mýrina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 8

ÁR-382:030 *Tóftarrimi* tóftaþyrping beitarhús X 426978 Y 400667

"Nyrsti hluti Langaflóðs nefnist Stóróskelda. Vestan hennar er Stórósrimi, og milli Þverflóðs og Langaflóðs er Tóftarrimi. Þar voru beitarhús," segir í örnefnaskrá. "Tóft: Á löngum rima í






Tóftarrimi ÁR-382:030. Til vinstri er tóft A, horft til austurs og til hægri er tóft B, horft til austurs

mýri austan bæjar, er í miðri mýri og liggur rimi nærri A-V. Er austasta tóftin á rimanum," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Tóftirnar eru um 950 m austur af bæ 001, á Tóftarrima, um 700 m VSV af Iðuhólum 033. Tóftarrimi er hár rimi í mýri sem snýr austur-vestur. Riminn er vel gróinn og ljósari sýnum en mýrin.





Tóftarrimi ÁR-382:030. Til vinstri er tóft C, horft til vesturs og til hægri er tóft D, horft til suðvesturs



Tóftarrimi ÁR-382:030

Minjarnar eru á svæði um 90 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur.Tóft A er austarlega á svæðinu, á hæð í miðjum Tóftarrima. Hún er um 12 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er tvískipt. Mikið virðist hafa hrunið inn í tóftina og er engu líkara en veggir séu tvöfaldir í austurhólfi sem er um 5 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í hólfinu glittir í garða sem er um 4 m langur. Vesturhólf tóftarinnar er um 4 x 3 m að

innanmáli og snýr austur-vestur. Það er mun minna hrunið en austurhólfið. Vesturhólfið er niðurgrafið um 0,5 m. Veggir eru um 0,5 m að hæð. Tóft B er um 10 m austan af tóft A. Tóftin er vel gróin og illgreinanleg. Hún er um 6 x 3 m að stærð einföld og snýr austur-vestur. Hólfið er um 4 x 1 m að innanmáli og virðist opið til austurs. Veggir eru mest um 0,3 m að hæð. Tóft C er um 25 m vestur af tóft A. Hún er vel gróin. Hún er um 10 x 9 m að stærð, tvískipt og snýr norður-suður. Hrunið hefur úr veggjum, sérstaklega í suðvestur- og norðausturhornum. Nyrðra hólf tóftar er um 5 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er niðurgrafið um 0,3 m djúpt. Syðra hólfið er einnig um 5 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Úr miðjum innri langvegg þess gengur garði, um 2 m langur. Veggir eru mest um 0,3 m háir. Tóft D er um 20 m vestur af tóft C. Hún er vel gróin og um 5 x 4 m að stærð. Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Innanmál hennar er 3 x 2 m. Hrun er í suðurvegg og inn í tóftina en vegghæð er mest um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 8 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 511, nr. 512, nr. 513.

ÁR-382:031 heimild um tóftir X 426034 Y 401110

"Tvær tóftir: Nokkuð upp á ásnum [Vesturás] sem er norðan við íbúðarhús Elínborgar og Guðmundar [Iða III]. [...] Vafalaust eru [einnig] einhverjar tóftir nokkru fyrir norðan, en mjög óljósar svo ekki hægt að mæla," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Aðeins má sjá eina tóft á Vesturás, 008, en gróflega mátti staðsetja aðrar tóftir eftir Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur. Vesturás er flatur að ofan og vel vaxinn grasi og sóleyjum. Engin ummerki fundust um tóftir á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1030, nr. 1031.

ÁR-382:032 *Áveitur* garðlag áveita X 426910 Y 400547

"Vestan við Stórósrima og vestur að Lambadýsflóði eru Áveitur, nokkuð stórt slægjuland," segir í örnefnaskrá. "Í mýrinni upp af Iðuhólum er kerfi af áveitugörðum, sem eru óskemmdir, því lítið hefur verið grafið í mýrinni. [... Áveitugarður] liggur þvert á rimann þar sem tóft [030] er á honum. [...] Áveitugarðar eru víða í mýrinni austan við bæinn. Garðar norðar í mýrinni eru frá Iðu II, en sunnan undir Fótarholti, frá Iðu I," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Áveitugarðarnir hafa verið um 910 m austur af bæ 001. Samkvæmt Guðmundi Ingólfssyni, heimildamanni, flæðir Hvítá yfir mýrarnar austan Iðubæjar þegar mjög mikið er í henni, sem gerist óreglulega með margra ára millibili. Er



Áveitur ÁR-382:032, horft til norðurs


mögulegt að eitthvað af görðunum hafi horfið í slíku flóði. Áveitur eru mýrlent flóðaland.

Ekki sér fyrir görðum á vettvangi í Áveitum en Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, sagði að garðar hefðu verið lagðir þvert á stefnu Áveita, þ.e. Í norðaustur-suðvestur þvert á norðvestur-suðaustur stefnu mýrarinnar. Garðlag, um 230 m langt, um 1 m breitt og 0,30 m hátt liggur suður úr Áveitu, þar yfir Tóftarrima 031 og suður í átt að Kúaflóði. Hverfur í mýrar til bæði norðurs og suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 8; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 514

ÁR-382:033 *Hólar* tóftaþyrping býli X 427434 Y 401184



Iðuhólar ÁR-382:033

"Norður af Álftaflóði eru Hólar eða Iðuhólar. Það eru ekki háir hólar og enginn þeirra hefur sérstakt nafn. Í Hólunum er mógresi, og var oft slegið í lautum milli þeirra. Í Hólunum eru gamlar tóftir, og hafa fundist þar við umrót smá snældusnúður úr steini og koparsylgja," segir í örnefnaskrá. "Skammt frá ármótunum, í svonefndum Iðuhólum, eru rústir af býli. Við jarðrask fyrir nokkrum árum fundust greinilegar menjar þess að þar hafi verið fjós. Ekki



Iðuhólar ÁR-382:033. Til vinstri er tóft A, horft til austurs, og til hægri er tóft B, horft til suðurs



Iðuhólar ÁR-382:033. Að ofan til vinstri er tóft C, horft til norðurs. Að ofan til hægri er tóft D, horft til norðurs. Að neðan til vinstri er tóft E, horft til suðurs. Að neðan til hægri er tóft F, horft til norðausturs.

hefur verið hreyft við því, sem virðist vera bæjarrústir," segir í Sunnlenskum byggðum. "Þar var grafinn prufuskurður á síðastliðnu sumri, og taldi Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur að þetta væri ekki gamalt býli, því gólfskán var lítil þarna. Því þykir mér undarlegt að hvergi skuli getið um það í rituðum heimildum. [...] Þegar unnið var í túni við tóft A var ýtt í enda á [tóftinni] og fannst þar berghald og sylgja," segir í minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Árið 1986 gróf Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur, tvær prufuholur í tóft A. Rústirnar eru enn merkjanlegar um 1,4 km austnorðaustur af bæ 001 og um 700 m ANA af Tóftarrima 030. Leið ÁR-691:074 liggur fast norðan Iðuhóla. Iðuhólar er vel gróin hólaröð um 50 m suður af Hvítá. Austur og vestur af Iðuhólum eru stór svæði afmörkuð með görðum en þeir eru leifar af kartöflugörðum sem voru ræktaðir þar í kringum 1990.

Sjö tóftir eru á Iðuhólum, tóftarsvæðið er samtals um 125 x 65 m og snýr austur-vestur. Tóft A er vestast á svæðinu. Er hún um 18 x 17 m að stærð og snýr austur-vestur. Stærsti hluti vestur- og suðurveggja er horfinn og erfitt er á greina innra lag tóftar. Austurveggur tóftar er eilítið hærri en aðrir veggir Í norðvesturhorni tóftarinnar mótar fyrir hólfi, um 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr það norður-suður en suðvesturhorn þess er laskað og er veggurinn að mestu horfinn. Út frá suðausturhorni við útvegg hólfsins er veggur, um 1 m langur og breiður inn í tóftina. Veggir eru mest um 0,4 m að hæð. Árið 1986 gróf Guðmundur Ólafsson tvær prufuholur í tóft A og sáust í annarri þeirra óljós mannvistarlög á 0,5-0,6 m dýpi. Tóft B er um 20 m austur af tóft A. Hún er um 16 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru vel grónir, mest um 0,3 m að hæð. Tóftin skiptist í þrjú hólf og virðist syðsta hólfið yngst og byggt inn í miðju hólfið. Syðsta hólfið er um 5 x 1,5 m að innanmáli með op til suðurs og snýr til norður-suðurs. Veggir þess eru mun greinilegri en annars staðar í tóftinni. Miðju hólfið er um 9,5 x 5 m að innanmáli að syðsta hólfinu meðtöldu og snýr norður-suður. Nyrsta hólfið er illgreinilegast, um 1,5 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tóft C er um 10 m norðan við tóft B og um 5 m vestan við tóft D. Tóft C er skorin til norðurs af nýlegum ökuslóða eftir leið ÁR-691:074 og vantar því norðurvegg hennar. Hún virðist vera um 6 x 3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru nokkuð signir eða mest um 0,2 m að hæð og vel grónir. Líklegast hefur tóftin verið tvískipt. Syðra hólfið hefur þá verið um 1,5 x 1 m að innanmáli og snúið austur-vestur og nyrðra hólfið um 3 x 1,5 m að innanmálið og snúið norður-suður. Nyrðra hólfið er sem fyrr segir skorið til norðurs af leið ÁR-691:074. Op er á suðurvegg syðra hólfs. Tóft D er um 10 m norðan við tóft B og um 5 m austan við tóft C. Tóft D er fast sunnan við leið ÁR-691:074 og þarf ekki mikið til að hún byrji að skera tóftina líkt og tóft C. Tóft D er um 4 x 3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Innanmál hennar er 2 x 1 m. Hún er mjög sigin, veggháð er mest um 0,15 m að hæð. Tóft E er um 15 m norðaustur

af tóft B og um 15 m austur af tóft D. Tóft E er skorin til norðurs af leið ÁR-691:074 líkt og tóft C, en greina má veggi tóftar E um 2 m til norðurs þar sem leið 034 liggur yfir þá. Tóft E hefur því verið um 7 x 5 m að stærð og snúið norður-suður. Innri skipan tóftar er illgreinanleg en helst er að giska á að tóftin hafi verið tvískipt. Syðra hólfið væri þá um 2,5 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur en nyrðra hólfið um 3 x 2,5 m og snýr norður-suður. Vegghæð mest um 0,2 m. Tóft F er um 10 m austan af tóft B og um 20 m suðaustan við tóft E. Tóft F er hringlaga, um 6,5 m í þvermál að utan, innanmál er aðeins um 1,5 m. Veggir eru mest um 0,3 m að hæð. Garðlag G liggur frá tóft E um 1 m sunnan hennar og til suðurs milli tófta B og F og áfram til suðurs og austurs af tóftum á svæðinu. Garðlagið liggur í flatri lág og virðist hafa markað lítið tún eða haga. Garðlagið afmarkar nokkurn veginn ferhyrnt svæði, um 70 x 20 m að stærð og snýr það austur-vestur. Hluti garðlags G stefnir norður úr norðvesturhorni svæðisins, og endar um 1 m sunnan við tóft E líkt þegar hefur verið nefnt. Um miðbik svæðisins sem garðlag G afmarkar þvergarður sem liggur norður-suður milli lengri garðanna. Í norðurenda þvergarðsins, þar sem hann kemur í nyrðra garðlagið er líkt og lítið hólf, um 4 x 2 m að innanmáli og snýr það austur-vestur og opið til vesturs. Vegghæð garðlags G er um 0,20 m mest, og mest um 2 m að breidd, en yfirleitt um 1 m.



Iðuhólar ÁR-382:033. Garðlag G, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 9; SB I, 142; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, 1040, Sunnlenskum byggðum I, 142; Guðmundur Ólafsson, 2015.

ÁR-382:034 tóft hlutverk óþekkt X 425942 Y 400586

"Tóft: Sunnar (neðar) í ásnum [Suðurás] og vestar en [056]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Umrædd tóft er um 360 m suður af bæ 001 og um 60 m suðvestur af tóftum 026. Uppi á Suðurás er grasivaxin brekka, aflíðandi til suðurs.

Tóftin er um 8,5 x 4 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál tóftar er 6 x 1,5 m og veggir hennar eru mest um 0,2 m á hæð. Ekkert op er greinanlegt í tóftinni né grjót í hleðslum. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að hér séu fjárhús eða annarskonar skepnuhús.



Tóft ÁR-382:034, á ljósmynd er horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 509

ÁR-382:035 *Jónsgröf* örnefni legstaður X 427757 Y 400587

"Austan úr Álftaflóði, innan Laxárbakka, gengur grasi gróinn slakki, rennisléttur. Í honum er pyttur eða jarðfall við bakkann; heitir þar Jónsgröf. Þetta er ílangur pyttur, hæfilega stór fyrir hest," segir í örnefnaskrá. Jónsgröf hefur verið um 1,7 km austur af bæ 001 og um 70 m vestur af Hvítá. Á jaðri mýrlendis.

Ekki tókst að finna Jónsgröf en hnit var tekið eftir ábendinu Guðmunds Ingólfssonar heimildamanns, sem kannaðist ekki við sagnir af staðnum en sagði pyttinn aldrei falla saman. Hugsanlega bendir nafn Jónsgrafar til legstaðar, en einnig er mögulegt að pytturinn sé náttúrulegur. Sé svo er hugsanlegt að hann dragi nafn sitt af einhverjum sem lenti í hrakningum þar. Vegna þessarar óvissu var staðurinn látinn njóta vafans.

Heimildir: Ö-Iða A, 9

ÁR-382:036 *Kirkjusteinn* heimild um huldufólksbústað X 425427 Y 399929

"Í Urðunum er nefndur Kirkjusteinn í skrá Þorsteins Bjarnasonar, en ekki er nú vitað með vissu, hvar hann er. Segir í skránni að þarna muni hafa átt að vera álfakirkja, og sé veðrasamt á kirkju þeirri," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Kirkjusteins er ekki þekkt en hann hefur verið um 1,2 km suðvestur af bæ 001 þar sem fjölmargir steinar og klappir eru. Urðir eru klappir og steinar er standa upp úr annars mosagrónum norðurenda Vörðufells. Ekki er vitað hver hinna fjölmörgu steina og klappa í Urðum er Kirkjusteinn.



Kirkjusteinn ÁR-382:036, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 2; Ö-Iða C, 2

ÁR-382:037 *Öskjunes* sögustaður X 424691 Y 400309

"Niður frá Rekstrarflöt gengur Öskjunes út í Hvítá. [...] Munnmæli herma, að á þessu nesi hafi fundizt reknar trafaöskjur Ragnheiðar biskupsdóttur í Skálholti. [...] Einnig er álitið, að úr þessu nesi hafi verið tekinn steinn sá, sem kista Páls biskups var höggvin úr," segir í örnefnaskrá. Öskjunes er um 1,5 km suðvestur af bæ 001. Öskjunes er breitt móavaxið nes en stutt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 2

ÁR-382:038 heimild um tóft X 426112 Y 401419

"Tóft: Á ásnum sem er rétt austan þjóðvegar. Nyrst eða norður af ásnum [Vesturás], rétt sunnan veiðivegar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Nú (2015) er trjálundur nyrst í Vesturás og norður að malarvegi. Ekki fannst þar tóft en gróflega mátti staðsetja hana

eftir Minjaskrár Bryndísar Róbertsdóttur. Tóftin hefur verið á norðurenda Vesturáss að malarvegi er vel vaxinn grasi og trjám. Engin ummerki um tóftina sjást nú en á teikningu úr Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur er tóftin sýnd sem einföld, um 7 x 5,4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Um 4 x 2 m að innanmáli og var op á suðurvegg.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1029

ÁR-382:039 *Markagarður* garðlag landamerki X 424240 Y 399128

"Þar sem girðing var milli Fjalls [ÁR-233] og Iðu, hét Markagarður. Þarna var eitt sinn nautagirðing, og var alltaf talað um að fara "vestur í Girðingu", þótt hún væri úr sögunni," segir í örnefnaskrá. "Á mörkum milli Iðu og Fjalls á Skeiðum er Svartagil, stórt gljúfragil í Vörðufelli, segir í örnefnaskrá. "Girðingarhleðsla. Girt upp í Svartagil. Gömul hleðsla," og "Garður: Skúti - Hurðabakssund. Er vestan undir Vörðufelli, við suðurenda á klettabelti sem liggur næst Hvítá. Garður nær frá Hvítá upp í endann á honum. Talin forn nautagirðing," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Markagarðurinn er um 2,5 km suðvestur af bæ 001 og um 1,6 km VSV af Hestatorfu 013, milli Hvítár og Vörðufells. Vestan Vörðufells er þurrlendisræma næst fjallinu en tekur þá við mýri að bökkum Hvítár.



Markagarður ÁR-382:039, horft til norðurs

Um 3 m norður af núverandi markagirðingu milli Fjalls og Iðu má greina mjög slitróttan torfbyggðan garð í mýrinni, frá Hvítá að Vörðufelli. Þar sem land er þurrara næst Vörðufelli er núverandi girðing ofan á garðinum á kafla en þar hafa steinhleðslur tekið við torfinu og liggur steinhlaðinn garður upp að Vörðufelli sunnan girðingar. Hæð og breidd garðsins er mest um 0,3 m, er hann greinanlegur á um 200 m kafla og liggur austur-vestur. Ekki sést eftir af öðrum görðum á svæðinu en hugsanlegt er að vörslugirðing hafi verið sambyggð Markagarði, þá líklegast við steinhlaðna hluta hans, næst Vörðufelli.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 1 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1036, 1037

ÁR-382:040 hleðsla hesthús X 425755 Y 400498

"Ofan við það [fjárhús, 011], uppi undir girðingu var hesthústóft, sem búið er að jafna út, en rétt ofan við girðingu er meira af grjóti í barði og var það efri endi hennar," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Hesthúsið var um 530 m suðvestur af bæ 001 og um 90 m norður af tóft 041. Fast vestan girðingar í hálfgróinni stórgrýtis hlíð.

Á þessum slóðum fundust óræðar minjar. Erfitt er að segja hvort fundnar eru leifar hesthússins eða aðeins uppsafn af grjóti sem fallið hefur úr klettum vestan Stekkatúns. Um 2 m vestan girðingar er um 0,2 m hár grjótbakki, mögulega veggjaleifar og er hann um 1,5 m breiður en um 10 m langur.



Hleðsla ÁR-382:040, á ljósmynd er horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 525, 524

ÁR-382:041 tóft beitarhús X 425757 Y 400408



Tóft ÁR-382:041. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

"Framan við Stekkatúnslæk (fram = suður með fjallinu) er stakur klettahóll, er heitir Einbúi. Hann er ekki alveg við lækinn, á milli eru fjárhús og hluti af Stekkatúninu [011]," segir í örnefnaskrá. "Tóft á Stekkjartúni: Beint fyrir ofan Einbúa. [...] Þetta gæti verið hesthús sem hefur verið notað fram til 1930-40 og var byggt upp úr gamalli tóft. Það er annað hvort þessi tóft eða 525b [011]," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur og á öðrum stað í sömu skrá segir: "Aðeins norðan og ofan við Einbúann sunnan við lægð þar sem vatnsból eru. [...] Notað fram til 1950-1960," Þessar tvær færslur úr Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur virðast leiða að sömu tóft, eða að tveimur tóftum á svæði sem er um 20 x 20 að stærð. Sé svo að þetta bendi í raun á tvær mismunandi tóftir hefur önnur þeirra horfið milli 1986 og 2015 þar sem aðeins sést ein tóft á svæðinu nú (2015). Tóftin er um 600 m suðvestur af bæ 001 og um 50 m norðvestur af Einbúa. Í túni sem hefur verið að mestu sléttað og ræst fram.

Greinileg tóft er um 20 m norðvestur af Einbúa, í vestur jaðri túns.Tóftin er um 8,5 x 6 m að stærð en gæti hafa verið breiðari upprunalega. Hún snýr norður-suður. Veggir tóftar eru mest um 1 m að hæð en steinar eru á víð og dreif innan hennar, líklegast úr hruni vesturveggjar en sá er alveg horfinn. Mikið af grjóthleðslum sést í öllum veggjum. Innri skipan tóftarinnar er illgreinanleg vegna vegghruns en hún virðist hafa verið um 6 x 3 m að innanmáli og glittir í garða um 1 m suður af norðurvegg. Garðinn er um 2 á lengd. Garðlag liggur til suðurs frá tóftinni, er það um 1 m hátt og byggt eins og tóftin, með og að miklu leyti grjóthlaðið. Garðlagið er um 7 m langt og snýr suðvestur-norðaustur. Þar sem það er breiðast er það um 3 m breitt, næst tóftinni, en mjókkar hratt og hverfur við girðingu vestur af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 4 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 524, nr. 526.

ÁR-382:042 garðlag hlutverk óþekkt X 425742 Y 400296

Garðlag er fyrir botni Innra-/Fremra-Gildruskarðs 012, um 710 m suðvestur af bæ 001 og um 110 m suður af tóft 041. Fyrir neðan, austan, garðlagið er sléttað, afgirt tún, en fyrir vestan það er Gildruskarð. Sumarbústaðabyggð er suður af enda garðsins.



Garðlag ÁR-382:042, horft til suðurs

Garðlagið er samtals um 50 m langt, 1,5 m breitt og mest um 0,3 m að hæð. Það er vel gróið og snýr norður-suður og markar af botn Innra-/Fremra-Gildruskarðs. Ekki sést grjót í hleðslum en grjót liggur meðfram garðlaginu til vesturs, líklegast hrun úr klettum sem eru þeim megin garðlagsins. Til norðurs hverfur garðurinn inn í hlíðina vestan Einbúa, hefur hugsanlega tengst garðbroti við tóft 041. Til suðurs hverfur garðlagið á brún lækjargils sem gengur þvert á garðlagið. Óvíst er hver tilgangur þessa garðlags var en hugsanlegt er að það hafi girt af haga kringum Einbúa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Iða A, 5

ÁR-382:043 *Veiðinef* heimild um lögn X 426345 Y 401753

"Brúin á Hvítá liggur af Veiðinefi, sem er hluti af Hamrinum. Fyrir neðan það er vik, Veiðivik [051]. Þar er mikil hringiða, og fiskur leitaði þar í dýpið. Net voru lögð beint út af nefinu, og röstin út af því hélt þeim út, svo að fiskurinn fór í þau, er hann leitaði inn í dýpið. Þarna var líka kölluð Lögn," segir í örnefnaskrá. Veiðinef er um 870 m norður af bæ 001 þar sem nú (2015) er brú yfir Hvítá. Klettahamar er við ána á þessum stað. Engin ummerki eftir netalögnina eru nú sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 6

ÁR-382:044 *Netásnef* frásögn lögn X 426522 Y 401444

"Ofar með ánni [Hvítá] er Netásnef, líkt og Hamarinn. Upp frá því er Netás, hár hóll, sem hallar að ánni, og Netásnef er, þar sem kemur að ánni," segir í örnefnaskrá. Netásnef er um 670 m norðaustur af bæ 001 og um 350 m suðaustur af Veiðinefi 043, þar sem brú yfir Hvítá er nú (2015). Netásnef er klettanef gróið mosa að hluta og borið möl úr vegi fyrir sumarhúsabyggð fast sunnan þess. Engin ummerki eftir netalögnina eru nú sjáanleg.



Netásnef ÁR-382:044, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 6

ÁR-382:045 *Norðursund* heimild um leið X 426473 Y 401442

"Vestan Netáss [044] og vestur undir Kirkjuvöll er Norðursund. Þar lágu götur að ferjustaðnum [381:031], var gengið fyrir austan Kirkjuvöll," segir í örnefnaskrá. Umrædd leið lá frá ferju á Ferjuhamri 381:031 og suður á leið 005 að bæ Iðu 001. Um 650 m norðaustur af bæ 001 hefur leiðin líklega beygt til suðurs í átt að Iðu og hugsanlega tengst í traðir 005. Hugsanlegt er að þessi leið sé hluti af leið ÁR-691:075 en Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, kannaðist ekki við hana og var hún því látin njóta vafans. Ýmist í skógræktarlandi eða gegnum sléttuð tún.

Leiðin sést ekki lengur (2015) en sumarhúsabyggð hefur risið við bakka Hvítár, austan brúar og hafa framkvæmdir við hana líklega máð út öll ummerki leiðarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 7

ÁR-382:046 *Markaþúfa* heimild um landamerki X 427124 Y 400015

"Landamerki: [...] úr Markásgljúfri beina stefnu í Markarima, og er í þeirri stefnu hlaðin varða, er nefnist Markaþúfa, og eru þetta mörk milli jarðanna Iðu og aftur Helgastaða [ÁR-383] og Eiríksbakka ÁR-[384]. [...] Vestur af honum [Markós] er Markarimi, og enn vestar í

mýrinni er Markaþúfa," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 1,4 km suðaustur af bæ 001. Mörk þessara bæja eru nú (2015) þar sem þrír skurðir mætast. Í uppþurrkaðri mýri. Engin ummerki um vörðu sjást lengur á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Iða A, 1, 9

ÁR-382:047 heimild um mógrafir X 425167 Y 400886
"Engin mótekja var á Iðu. Sást fyrir mógröfum, þar sem grafið hafði verið til reynslu, en ekkert fannst," segir í örnefnaskrá. Guðmundur Ingólfsson taldi að mótekja hefði verið í Filippusarflóði, vestarlega í landi Iðu, en þar var ekki að sjá grafir. Filippusarflóð er um 900 m vestur af bænum 001, norðvestan undir Vörðufelli og austur af Hvítá. Filippusarflóð er mýrlent svæði norðvestan undir Vörðufelli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Iða A, 9

ÁR-382:048 heimild um ristu X 427596 Y 400964
"Nokkuð góð torfrista var í mýrunum, og var víða rist, bæði á hey og hús," segir í örnefnaskrá. "Reiðingsristu brúkar staðurinn [Skálholt] á dómkirkjunnar jörðu Iðu," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Guðmundur Ingólfsson heimildamaður mundi eftir að hafa tekið þátt í að rista á hey á svæði sunnan Iðuhóla, um 1,5 km austur af bænum 001. Mýrlendi, gróið kjarri að hluta. Engin ummerki ristunnar sjást nú (2015).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Iða A, 9; JÁM II, 291

ÁR-382:049 heimild um kvíar
"Fráfærur voru á Iðu síðast 1919. Fyrst var mjólkað á Stöðulholti [053], en því var hætt í seinni tíð og þá hafðar færikvíar á túni," segir í örnefnaskrá. Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, kannaðist ekki við kvíar í túni Iðu og ekki sjást þar nein ummerki um kvíar. Ekki reyndist því unnt að staðsetja kvíar nema að því að þær hafa verið innan túns. Heimatún Iðu er nú (2015) að mestu komin undir íbúðarhús, malarvegi og trjágróður. Engin ummerki um kvíar er að sjá í túni Iðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Iða A, 9

ÁR-382:050 *Lind* heimild um vatnsból X 425889 Y 400834

"Lind var í túni vesturbæjar, sem kom upp móti suðvestri. Amma þeirra systra [Kristínar og Hansínu Jónsdætra, f. 1913 og 1906] trúði, að vatnið í henni væri sérlega heilnæmt. Kristín man eftir, að einhverju sinni var sótt þangað vatn í ílát, þegar einhver var veikur. Lindin var um tíma vatnsból fyrir vesturbæ," segir í örnefnaskrá. Lindin var um 200 m suðvestur af bæ 001, nálægt því þar sem nú (2015) er skurður meðfram vegi. Við gatnamót að heimreiðinni að Iðu, hefur eitt sinn verið blautt en land hefur verið ræst fram og lindin líklegast horfið í skurð. Ekki sést lind suðvestur í túni Iðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða B, 1

ÁR-382:051 *Veiðivik* heimild um uppsátur X 426345 Y 401753

"Vikið neðan við Nefið [Veiðinef, 043] var nefnt Veiðivik, þar voru bátar geymdir en á haustin voru þeir fluttir niður fyrir Hraktanga," segir í örnefnaskrá. Veiðivik er um 870 m norður af bæ 001 þar sem nú (2015) er brú yfir Hvítá. Klettahamar. Engin ummerki um bátsuppsátur sjást nú á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða C, 4

ÁR-382:052 *Þengilseyri* sögustaður X 425669 Y 401974

"Undir bakkanum niður af Filippusarflóði er mikil eyri, Stóraeyri. [...] Þar norður af er Þengilseyri í Hvítá. [...] Af Þengilseyri er sagt, að Teitur í Bjarnarnesi og menn hans hafi riðið í aðför að Jóni biskupi Gerrekssyni, sem þeir drekktu í Brúará," segir í örnefnaskrá. Ófært var út í Þengilseyri sökum vatnsaga þegar farið var á staðinn, sumarið 2015, en samkvæmt Guðmundi Ingólfssyni, heimildamanni, er þar að finna forna kálgarða. Á loftmynd má sjá það sem er hugsanlega tóft á Þengilseyri um 1,12 km norðvestur af bæ Iðu 001, og um 410 m vestan af þar sem vegur kemur á eyrina.

Heimildir: Ö-Iða A, 3

ÁR-382:053 *Stöðulholt* örnefni kvíar X 4257459 Y 400758

"Norðvestur af Stórholti er Miðaftansholt [...] Þá tekur við Sauðaholt [022] og suður af því Stöðulholt. Þar voru ær og kýr mjólkaðar, ekki þó eftir að Hansína kom að Iðu [árið 1913]. Varla er meira en tíu mínútna gangur frá bæ á Stöðulholt. Nú er sumarbústaður á Stöðulholti,"

segir í örnefnaskrá. "Tóft: (Sauðaholt - Miðaftanholt). Í sumarbústaðalandi vestan þjóðvegar á móts við heimreið að Iðu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Kvíarnar voru um 360 m suðvestur af bæ 001 og um 230 m suðaustur af Sauðholti 022. Nú (2015) er sumarbústaður á Stöðulholti sem ber nafn þess. Hefur trjám verið plantað og holtið svo að segja algróið. Engin ummerki um kvíar sjást lengur á þessum stað. Á teikningu í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur er sýnd tóft sem var um 8,4 x 7,9 m að utanmáli, einföld, snýr norður-suður og var um 6 x 2,5 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 3 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 515.

ÁR-382:054 heimild um smalakofa X 425034 Y 400277

"Tóft: Syðst í Stórholti. [Ingólfur Jóhannsson] telur að hún gæti verið eftir ungling í hjásetu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Engin tóft fannst á vettvangi á Stórholti en hægt var að staðsetja minjastaðinn gróflega eftir lýsingu Bryndísar. Stórholt er mosagróið, hátt holt.

Engin ummerki um smalakofa sjást nú á þessum slóðum. "Ekkert torf hefur verið í henni og sést þykkt hleðslu vel. Sumstaðar mikið grjót, sérstaklega norðan við og það tekið í hleðslu. Hleðsla sést best að [norðaustan]" segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur.. Á teikningu í Minjaskránni er tóftin um 5,7 x 5,5 m að utanmáli, einföld og snýr norður-suður. Um 4 x 3,5 m að innanmáli, vegghæð mest 0,4 m og ekki var op á tóftinni.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 521

ÁR-382:055 tóft hlutverk óþekkt X 425735 Y 400832

"Tóft: (Stöðulholt [053] - Miðaftansholt). Nokkru norðan við sumarbústaðalóð, austan til á holtinu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Skeifulaga tóft er um 350 m vestur af bæ 001, á norðausturbrún Stöðulholts, norðan sumarbústaðar á Stöðulholti. Grasi gróið holt, norðan afgirtrar sumarbústaðarlóðar á Stöðulholti.

Tóftin er skeifulaga og um 6 x 4 m að stærð. Hún er einföld, snýr norðvestur-suðaustur og er opin til norðvesturs. Veggir eru mest um 0,5 m á hæð og víða sjást grjóthleðslur í þeim. Innanmál tóftar er 5 x 1,2 m. Hugsanlega er hún af fjárskýli eða fjárhúsum.






Tóft ÁR-382:055, á ljósmynd er horft til austur

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. nr. 520

ÁR-382:056 tóft lambhús X 426132 Y 400992

"Ásinn austur af Vesturás heitir Austurás [...] Lambhús [024] var uppi á Austurás, en seinna var það byggt fyrir norðan Norðurtún, á dálitlum bala," segir í örnefnaskrá. "Tóft: Vestan undir ásnum sem er NA við bæ [Austurás]. Rétt sunnan við ruslahauga - bílahauga. [...] Einar byggði kofa þarna neðan við ásinn að vestan 1931 og var notaður þangað til Einar fór. Ég er ekki viss um að tóftin sem að ég mældi sé sú sama og Ingólfur [Jóhannsson] á við því ég held





Tóft ÁR-382:056, á ljósmynd er horft til austurs

að sú tóft hafi verið beint sunnan við garðinn þar sem hann kemur niður af ásnum að vestanverðu," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Sé lambhús þetta byggt 1931 telst það ekki fornleifar en einhver vafi liggur á þessari dagsetningu í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur og því eru minjarnar látnar njóta vafans. Lambhústóftin, á bala norðan

Norðurtúns, er enn greinileg um 90 m norðaustan af bæ 001 á hólrana norður úr Hálfvelli. Hóllinn er fast austan malarvegar, vel grasi gróinn. Tóftin er um 6 x 4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Innri skipan tóftar er fremur óskýr, sem og vesturveggur hennar. Gróflega áætlað er hún þó um 3,5 x 2,5 m að innanmáli. Vegghæð er mest um 0,2 m að hæð, vel gróin og sér hvorki op né grjóthleðslur í henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Iða A, 7 ; Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1032

ÁR-382:057 heimild um lausafund X 424639 Y 399849

"Skúti - Hurðabakssund. Er vestan undir Vörðufelli, við suðurenda á klettabelti sem liggur næst Hvítá. [...] Peningur fannst í götu rétt við Skúta, orðinn mjög eyddur, frá 1823," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Nákvæm staðsetning þessa fundar er ekki þekkt en hægt var að staðsetja gróflega út frá lýsingu í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur. Hefur peningurinn fundist um 1,8 km suðvestur af bænum 001, um 820 m norður af Markagarði 039.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1036

ÁR-382:058 heimild um lausafund X 426617 Y 401311

"Peningur: Fannst á eyri við sumarbústað. Fannst þegar Ingólfur [Jóhannsson] var 10-11 ára. Á honum stendur providebit dominus 1655, XVI skiling dansk," segir í Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986. Ingólfur Jóhansson var fæddur 1919 og því hefur skildingurinn fundist um 1930. Ekki er hægt að staðsetja fundinn nákvæmlega þar sem óljóst er við hvaða sumarbústað eða eyri þetta var, en líklegast er átt við eyrar við suðurbakka Hvítár þar sem nú (2015) er sumarbústaðahverfi. Var fundurinn staðsettur þar, um 670 m norðaustur af bænum 001, og um 160 m suðaustur af Netásnefi 044.

Heimildir: Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986, nr. 1039

ÁR-691 Fornleifar á fleiri en einni jörð

ÁR-691:041 heimild um leið X 426189 Y 402438

"Holtið, sem rís upp af Geymslu [mýri vestan Tíðaholts], heitir Tíðaholt, og skarð í því sunnarlega, vestan Kirkjukletta, Tíðaskarð. [...] Um Tíðaskarð var þjóðbraut frá ferjustaðnum [031] að Skálholti [ÁR-380], og lágu steinhellur Stefáns grjótbiskups þaðan og yfir Geymslu, og sér þeirra enn merki norðan við Pollrás," segir í örnefnaskrá. Tíðaskarð er um 1 km vestur af bæ í Laugarási 381:001 og nú (2015) liggur malarvegur upp að sumarbústað sem stendur í skarðinu.

Engin ummerki fundust um götur á þessum slóðum, hvorki í skarðinu né í Geymslu, mýri vestan Tíðaholts, eða austan skarðsins þar sem nú (2015) er sumarbústaðahverfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Laugarás, 9

ÁR-691:072 gata leið X 427005 Y 403600

Gata, óviss að hluta, frá Höfða ÁR-386 að ferju 381:031 í landi Laugaráss á móts við Iðu ÁR-382, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Leiðin var skoðuð í landi Laugaráss ÁR-381 meðfram vesturbrún Langholts.

Leiðin sést enn. Hún er um 3 m breið meðfram vesturbrún Langholts en hverfur til norðurs nálægt landamerkjum móti Höfða og til suðurs í móa nálægt girðingu umhverfis sumarhús sunnarlega í vesturbrún holtsins.

Hætta: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV 1910.

ÁR-691:074 heimild um leið X 433929 Y 414093

Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hann liggur frá Iðuferju [ÁR-382:017], framhjá Eiríksbakka [ÁR-384] og yfir í Skeiðahrepp. "Vestan við Hólana [Iðuhóla] er Hólalægð, slétt og nokkuð löng lægð. Eftir henni lá reiðvegur áður, en meðfram ánni lá leið flestra, allt fram til 1950, er bílvegurinn kom, þar sem hann er nú," segir í örnefnaskrá Iðu ÁR-382.



Leið ÁR-691:074, horft til austurs

Vegurinn er merktur inn á Herforingjaráðskort frá 1910, frá ferju á Ferjuhamri 381:031 meðfram bökkum Hvítár austur og suður. Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður, sagði þennan veg hafa verið þjóðleiðina að sunnan til ferjunnar fram til 1950, líkt og kemur fram í örnefnaskrá. Vegurinn var um 780 m ANA af bæ 001 og um 50 m suður frá bökkum Hvítár.

Gata liggur enn eftir leið meðfram bökkum Hvítár, austur og suður, inn í land Eiríksbakka. Gatan er nýtt jafnt sem reið- og bílgata en aðallega keyrð meðfram suðurbakka Hvítár .

Heimildir: Ö-Iða A, 9; Herforingjaráðskort 47 Skálholt NV, Herforingjaráðskort 47 Skálholt SV

ÁR-691:075 heimild um leið X 424913 Y 400293

Óviss gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908-1910. Hún liggur frá Torfastaðahólma, yfir Sporð í landi Bræðratungu [ÁR-344] og yfir í Hrunamannahrepp hjá Vaðhólma. Í landi Iðu ÁR-382 lá leiðin frá ferju við Ferjuhamar 381:031 suður og vestur af Vörðufelli. Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 lá leiðin að Iðu ÁR-382:001 og þaðan yfir Stöðulholt ÁR-382:053 og suður og vestur fyrir Vörðufell. Guðmundur Ingólfsson, heimildamaður fyrir Iðu, taldi leiðina hafa legið með bökkum Hvítár.

Engin ummerki fundust um leiðina milli Hvítár og Vörðufells.

Heimildir: Herforingaráðskort 47 Skálholt NV, 1910

V. Niðurstöður

Að beiðni sveitarfélagsins Bláskógabyggðar var hafist handa við aðalskráningu í sveitarfélaginu í júní 2015. Þá voru skráðar allar þekktar fornleifar innan landamerkja gömlu jarðanna Laugarási og Iðu, samtals 108 fornleifar en 128 minjaeiningar. Af fornleifunum 108 voru 48 innan merkja Laugaráss en 60 innan merkja Iðu. Gengið var á alla þekkta staði en í fjórum tilfellum var ekki hægt að staðsetja minjar og voru því staðsettar 104 fornleifar. Ástæður þess að í einstaka tilfelli reyndist erfitt að staðsetja minjar voru oftast þær að lýsing minjastaða úr heimildum var afar óljós og voru flestar minjarnar í hópi þeirra sem Bryndís Róbertsdóttir skráði 1986 en upplýsingar um þær eru varðveittar í handriti á Þjóðminjasafni Íslands.


Ástæða þess að Laugarás og Iða töldust á meðal forgangsjarða í skráningu í Bláskógabyggð er sú að þar hafa miklar breytingar átt sér stað innan landamerkja jarðanna á síðustu áratugum sem að stærstu leyti felasts í uppbyggingu þéttbýlis í landi Laugaráss og uppbyggingu sumarbústaðahverfis í landi Iðu. Framkvæmdir við uppbyggingu Laugaráss hafa umturnað eldra menningarlandslagi og eiga án efa eftir að gera það enn frekar á næstu árum. Enn er búið á Iðu en ekki er lengur stundaður búskapur á jörðinni. Flestar fornleifarnar sem hafa horfið í heimatúni jarðarinnar hafa hins vegar vikið vegna dæmigerðra framkvæmda sem fylgdu búskapnum á meðan hann var stundaður, s.s. sléttunar og byggingar nýrra húsa. Árið 1923 varð Laugarás læknissetur og eftir það breyttist jörðin mikið, þó að eiginlegur búskapur hætti ekki fyrr en um 1970[4]. Bæjarhólnum hefur verið rutt út, túnið allt sléttað og yngri hús byggð innan túns. Eftir 1940 hefst uppbygging á Laugarási, helst garðyrkjubýli sem nýta sér jarðhitann á svæðinu[5]. Á Iðu hafa á seinustu áratugum risið litlar sumarbústaðabyggðir, austan undir Vörðufelli og við bakka Hvítár.

Laugaráss og Iðu er fyrst getið í Sturlungu[6] og Laugaráss er víða getið í gegnum aldirnar í biskupasögum[7] í tengslum við Skálholt. Virðast báðar jarðirnar hafa verið eign Skálholtskirkju lengst af og var Laugarás vinsæll baðstaður meðal Skálholtsbiskupa.

[4] SB I, 121
[5] SB I, 121-140
[6] Sturlunga saga, 224, 294
[7] Biskupa sögur II, 660, 673

Minjarnar sem skráðar voru innan landamerkja Iðu og Laugaráss bera þess augljós merki að landnýting hefur breyst umtalsvert á þessum jörðum á síðustu áratugum. Uppbygging hefur verið töluverð í landi Laugaráss en minni í landi Iðu. Þegar ástand minjastaða á jörðunum tveimur er skoðað kemur í ljós að ummerki um minjar eru í fleiri tilfellum en ekki alveg horfin af yfirborði (62%). Þar sem sást til minja var algengast að hleðslur stæðu og væru grónar (14%) en þar á eftir voru signar hleðslur (12%).

Á hverjum minjastað var metið hvort hætta steðjaði að fornleifum og þá hvaða hætta. Mikill meirihluti minjastaða (68% minja) taldist í einhverri hættu og 3% í stórhættu. Um þriðjungur minjastaða (32%) taldist ekki vera í neinni hættu. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfirstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu áratugum vikið í slíkum framkvæmdum. Flestar minjarnar sem skráðar voru í Laugarás og á Iðu teljast í hættu vegna ábúðar (80%), þ.e.a.s. íbúðabyggðar og mögulegrar stækkunar hennar. Öðrum minjum ógnuðu t.d. trjárækt (7%), framkvæmdir (6%) og landbrot Hvítár (3%) og að auki taldist einn staður í hættu vegna rasks og einn vegna byggingar.



Skífurit: ástand minja á Iðu og Laugarási

Þær minjar sem skráðar voru innan landamerkja Iðu og Laugaráss eru að mörgu leyti dæmigerðar minjar um landbúnað og landnýtingu fyrri alda, þó að minjar í landi Laugaráss beri þess einnig greinileg merki að þar hefur jarðhitinn verið nýttur í gegnum aldirnar.

Hlutverk um 11% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og ekki bera greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk. Af minjastöðum með þekkt hlutverk voru útihús algengust en 21 útihús var skráð (þar af voru 7 staðir þar sem ekki var vitað nákvæmlega hvers lags útihús var um að ræða). Ástand útihúsa var ágætt en um þriðjungur (um 35%) þeirra er horfinn, flest í landi Laugaráss. Annar algengasti minjaflokkurinn var margvíslegar samgönguminjar en 12 slíkar minjar voru skráðar (tveir ferjustaðir, sex leiðir, þrjár traðir og eitt vað) en við þennan flokk mætti bæta einu nausti og einu uppsátri sem bæði eru tengd ferjum yfir Hvítá. Hægt var að staðsetja alla staðina en aðeins sáust ummerki um fimm þeirra, þ.e. um leiðir ÁR-381:021, ÁR-381:043, ÁR-381:045 sem og leið að ferjustað ÁR-381:036 og naust ÁR-381:042.

Af öðrum minjum má nefna bústaði af ýmsum toga (ýmist flokkað sem bústaður eða býli eftir því hvort um aðalbústað á lögbýli eða hjáleigur var að ræða) en heimildir um slíkar minjar voru skráðar á fimm stöðum. Reyndist unnt að staðsetja allar þessar minjar, þrjár í landi Laugaráss og tvær í landi Iðu. Engin ummerki sáust um bæjarhóla eða gömlu bæina í landi Iðu eða Laugaráss (ÁR-381:001 og ÁR-382:001) en þeim hafði verið rutt út og yngri hús verið byggð á svipuðum slóðum. Einn af þeim stöðum sem skráður var sem mannabústaður er ÁR-381:007 þar sem einsetumaður var talinn hafa búið, líklegast á 16. öld eða fyrr. Þar var skráð tóft sem kunna að vera leifar af bústað einsetumannsins. Á Iðuhólum ÁR-382:033 voru talsverðar minjar sem taldar eru tilheyra býli sem ekki er þekkt úr sögulegum heimildum en könnunarskurður var tekinn í eina tóft þess árið 1986[8]. Því miður tókst ekki að tímasetja minjarnar á Iðuhólum en talið var að ljóst að þarna hefði verið búið, þó aðeins í stuttan tíma. Merkastar eru líklegast minjar um býli sem er að öllum líkindum frá víkingaöld ÁR-381:037 en ekki þekkjast neinar sögulegar heimildir um það. Er um að ræða þrjár tóftir og eina þúst á svæði sem afmarkast að hluta af túngarði. Tóftirnar eru óskýrar og falla inn í mjög þýft landslagið en virðist sú stærsta þeirra vera skálalaga. Því miður er ekki hægt að segja mikið meira um þessar minjar án heimilda eða uppgraftar en þær teljast í stórhættu vegna trjáræktar.

Af öðrum fornleifum sem skráðir voru má nefna margvíslegar minjar um útbeit og fjárbúskap en skráðir voru 13 slíkir staðir (þrjár kvíar, sex beitarhús, einn heygarður, einn

[8] Guðmundur Ólafsson, 2015

stekkur, einn nátthagi og einn smalakofi). Unnt reyndist að staðsetja alla staðina þrátt fyrir að allir nema fjórir væru horfnir. Ummerki um heygarð ÁR-381:020 sjást enn og sömu sögu er að segja um nátthaga í túni Iðu ÁR-382:021 og nokkrar beitarhúsatóftir á Tóftarrima ÁR-382:030 og einnig ÁR-382:041.

Aðrar minjar en þær sem þegar hefur verið fjallað um voru mjög margvíslegar en fjórði stærsti minjaflokkurinn á eftir útihúsum, samgönguminjum og minjum um útbeit og fjárbúskap eru minjar um þvottastaði og böð. Minjaflokkurinn er vissulega óvenjulegur en sjö slíkir staðir voru skráðir, allir í landi Laugaráss í tengslum við hverasvæðið þar. Heimildir eru fyrir því að laugar hafi verið hlaðnar til baða og vatn leitt í þær um rásir sem gerðar voru frá hverum en engar sjáanlegar minjar eru um slíkt á yfirborði, enda hefur hverasvæðinu í landi Laugaráss verið umturnað og þrær verið steyptar yfir stærstu hverina. Aðrir minjastaðir voru skráðir en í öllum tilfellum eru það þrír eða færri staðir af hverri tegund og vísast hér með í fornleifaskrá til frekari upplýsinga um þá.

Sem fyrr segir eru ummerki um meirihluta minjastaða á skráningarsvæðinu nú horfin. Í landi Laugaráss hafa minjar oftast horfið vegna framkvæmda við uppbyggingu þéttbýlisins þar en í landi Iðu voru það oftast framkvæmdir tengdar landbúnaði sem leikið höfðu minjastaðina grátt. Mikilvægt er að mótuð verði heildstæð stefna um þær minjar sem eftir standa á þéttbýlissvæðum, í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Ljóst er að enn eru nokkrir staðir í nágrenni við og í þéttbýli Laugaráss sem sérstaklega mikilvægt er að vernda og jafnvel kynna. Er þar helst að nefna meintar víkingaaldarminjar ÁR-381:037 sem nú eru innan sumarbústaðalóðar og í stórhættu vegna töluverðrar trjáræktar innan lóðarinnar. Ekki eru neinar heimildir fyrir búsetu á fyrstu öldum Íslandsbyggðum á þessum slóðum og má því telja umræddar minjar mjög merkilegar. Einnig er mikilvægt að vernda aðrar minjar innan þéttbýlisins, svo sem minjar sem taldar eru eftir bústað einsetukarlsins Teits ÁR-381:007. Í landi Iðu er helst mikilvægt að vernda minjar býlisins að Iðuhólum ÁR-382:033 en þær eru í hættu vegna bílaumferðar þar, sem tengist veiði í Hvítá. Í Iðuhólum eru talsverðar minjar sem virðast heillegar en líklega hefur byggð á svæðinu ekki varað mjög lengi. Rétt er að benda á að stækki sumarbústaðabyggð í landi Iðu frekar gæti hún farið að ógna tóftum ÁR-382:013 og ÁR-382:041, sem og garðlagi ÁR-382:042.

Auk þeirra minjastaða sem enn sjást á yfirborði er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að fyllstu varúðar ber að gæta þar sem þekktar minjar eru en lítil sem engin ummerki

sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þetta er orsökin fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna á það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildaskrá

Árnesingur III: Bjarni Harðarsson. „Laugarás í Biskupstungum.“ *Árnesingur . Rit III*, 1994, 165-179.

Biskupa sögur. II bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1878.

BL: Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur 1967.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð I: Fornleifaskráning á Laugarvatni og Snorrastöðum*. FS584-15222. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2015.

ÍF: *Íslensk fornrit*. I-XVII. bindi. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík 1935-2002.

Jakob Orri Jónsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Aðalskráning fornleifa í Bláskógabyggð II: Fornleifaskráning innan landamerkja Litla- og Stóra-Fljóts*. FS589-15223. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2016.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla.* II bindi. Kaupmannahöfn, 1918-1921.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

KK I: Kålund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur* I. Reykjavík, Örn og Örlygur 1984.

Kristjana Vilhjálmsdóttir. *Menningarminjar í Bláskógabyggð: Svæðisskráning fornleifa.* FS584-15221. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 2015.

SB I: *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið*. I bindi. Búnaðarsamband Suðurlands, [án útgáfust.], 1980.

Sturlunga saga. II bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlungaútgáfan, Reykjavík 1946.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* I-VI, Jón Árnason safnaði, ný útg. Þjóðsaga, Reykjavík. 1961.

Þorvaldur Thoroddssen. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn 1905.

Óprentaðar heimildir

Google

Google Earth. Sótt af https://www.google.com/earth/

Landsbókasafn Íslands

Herforingjaráðskort: Dönsku herforingjaráðskortin 1:50.000 1905-1915. Sótt af http://islandskort.is/is/category/list/29

Landmælingar Íslands

Kortasjá LMÍ. Sótt af: http://atlas.lmi.is/kortasja/

Minjastofnun Íslands

Kortasjá Minjastofnunar Íslands. Sótt af https://www.map.is/minjastofnun/

Þjóðminjasafn Íslands

Minjaskrá Bryndísar Róbertsdóttur 1986: Fornleifaskráning í Biskupstungum 1985-86.

Guðmundur Ólafsson. *Iða í Biskupstungum, Uppmæling á tóft í Iðuhólum , 27. júní. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1986, 15.* 2015.

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort Biskupstungnahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands. 1920.

Örnefnastofnun Íslands

Ö-Iða A: Örnefnaskrá Iðu. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Iða B: Örnefnaskrá Iðu. Athugasemdir. Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Iða C: Örnefnaskrá Iðu. Jósefína Friðriksdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Skálholt: Nokkur örnefni í Skálholtslandi. Í *Inn til fjalla.* Rit Fél. Biskupstungnamanna í Reykjavík. II 1953. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Benedikt Skúlason

Guðmundur Ingólfsson

Viðauki 1: Hnitaskrá yfir allar skráðar minjaeiningar í skýrslunni (ISN93)


Samtala	X	Y
ÁR-381:001	427194	402101
ÁR-381:002	427148	402140
ÁR-381:003	427148	402150
ÁR-381:004	427247	402192
ÁR-381:005	427334	402147
ÁR-381:006	427151	402096
ÁR-381:007A	426553	401904
ÁR-381:007B	426562	401913
ÁR-381:009	426879	401793
ÁR-381:010	427094	402119
ÁR-381:011	427116	402194
ÁR-381:012	427119	402217
ÁR-381:013	427094	402270
ÁR-381:014	427158	401672
ÁR-381:015	427298	401673
ÁR-381:016	427213	402126
ÁR-381:017	427240	402296
ÁR-381:019	427350	402413
ÁR-381:020	427484	402298
ÁR-381:021	427305	403539
ÁR-381:022	427146	403266
ÁR-381:023A	426912	403175
ÁR-381:023B	426944	403146
ÁR-381:024A	426819	403683
ÁR-381:024B	426811	403659
ÁR-381:024C	426771	403616
ÁR-381:024D	426827	403671
ÁR-381:025	426190	403298
ÁR-381:026	425625	402481
ÁR-381:027	426460	402406
ÁR-381:028	427476	402790
ÁR-381:029	426696	402883
ÁR-381:030	427132	402001
ÁR-381:031	426452	401804
ÁR-381:032A	427573	402260
ÁR-381:032B	427577	402278
ÁR-381:034	427104	402167
ÁR-381:035	427238	402107
ÁR-381:036	427550	402843
ÁR-381:037A	427004	403083
ÁR-381:037B	426984	403083
ÁR-381:037C	427028	403096
ÁR-381:037D	427189	403063
ÁR-381:037E	427037	403087
ÁR-381:038	427135	403867
ÁR-381:041	426413	402687
ÁR-381:042	427513	402787
ÁR-381:044	426804	401792
ÁR-381:046	426776	401935
ÁR-382:001	426072	400925
ÁR-382:003	426184	400947
ÁR-382:004	426018	400897
ÁR-382:005	426007	400908
ÁR-382:006	426016	400915
ÁR-382:007	425990	400894
ÁR-382:008	426050	401104
ÁR-382:009	426212	400991
ÁR-382:010	425842	400802
ÁR-382:011	425772	400535
ÁR-382:012	425618	400180
ÁR-382:013	425729	399592
ÁR-382:014	425417	398683
ÁR-382:015	424954	398456
ÁR-382:016	424664	398563
ÁR-382:017	426335	401742
ÁR-382:018	426154	401766
ÁR-382:019	426297	401604
ÁR-382:021	425966	401100
ÁR-382:022A	425569	400878
ÁR-382:022B	425580	400883
ÁR-382:022C	425587	400910
ÁR-382:022D	425596	400916
ÁR-382:023	426138	401000
ÁR-382:024	426212	400985
ÁR-382:025	426067	400749
ÁR-382:026	425976	400638
ÁR-382:027	426041	400808
ÁR-382:028	426117	400888
ÁR-382:029	426222	400808
ÁR-382:030A	426978	400667

ÁR-382:030B	426995	400668
ÁR-382:030C	426936	400666
ÁR-382:030D	426914	400665
ÁR-382:031	426034	401110
ÁR-382:032	426910	400549
ÁR-382:033A	427434	401184
ÁR-382:033B	427465	401186
ÁR-382:033C	427462	401207
ÁR-382:033D	427468	401202
ÁR-382:033E	427483	401200
ÁR-382:033F	427493	401185
ÁR-382:033G	427511	401168
ÁR-382:034	425942	400586
ÁR-382:035	427757	400587
ÁR-382:036	425427	399929
ÁR-382:037	424691	400309
ÁR-382:038	426112	401419
ÁR-382:039	424240	399127
ÁR-382:040	425755	400498
ÁR-382:041	425756	400408
ÁR-382:042	425742	400296
ÁR-382:043	426345	401753
ÁR-382:044	426522	401444
ÁR-382:045	426473	401442
ÁR-382:046	427124	400015
ÁR-382:047	425167	400886
ÁR-382:048	427596	400964
ÁR-382:050	425889	400834
ÁR-382:052	425669	401974
ÁR-382:053	425759	400758
ÁR-382:054	425034	400277
ÁR-382:055	425735	400832
ÁR-382:056	426132	400992
ÁR-382:059	424639	399849
ÁR-691:041	426189	402438
ÁR-691:072	427005	403600
ÁR-691:074	427434	401215
ÁR-691:075	424913	400293

Viðauki 2: Sérheitaskrá

Sérheitaskrá	
Sérheiti	**Samtala**
Auðholtshamar	ÁR-381:036
Áveitur	ÁR-382:032
Bæjarhver	ÁR-381:010
Draugahver	ÁR-381:011
Draugaslóð	ÁR-381:013
Fjósatjörn	ÁR-381:016
Hestatorfa	ÁR-382:013
Hildarhver	ÁR-381:012
Hólar	ÁR-382:033
Hverahólmi	ÁR-381:034
Iða	ÁR-382:001
Iðuhólar	ÁR-382:033
Innra-Gildruskarð	ÁR-382:012
Jónsgröf	ÁR-382:035
Kirkjusteinn	ÁR-382:036
Kúaflóð	ÁR-382:029
Lambhúshóll	ÁR-381:035
Laugarás	ÁR-381:001
Launrétt	ÁR-381:009
Lind	ÁR-382:050
Lindin	ÁR-381:030
Lindin	ÁR-382:028
Ljóstún	ÁR-382:025
Mangatótt	ÁR-381:022
Markagarður	ÁR-382:039
Markaþúfa	ÁR-382:046
Markás	ÁR-382:015
Markvarða	ÁR-382:016
Miðmundavarða	ÁR-382:014
Nátthagi	ÁR-382:021
Netásnef	ÁR-382:044
Norðursund	ÁR-382:045
Orrustutangi	ÁR-381:026
Reiðveraholt	ÁR-382:018
Sauðholt	ÁR-382:022
Sauðhústótt	ÁR-381:024
Skálholtshamar	ÁR-381:031
Skyrklettur	ÁR-381:027
Smiðjuhóll	ÁR-382:027
Stekkatún	ÁR-381:023
Stekkatún	ÁR-382:011
Stöðulholt	ÁR-382:053
Stöðull	ÁR-381:018
Söðulhóll	ÁR-381:025
Tóftarrimi	ÁR-382:030
Traðir	ÁR-382:005
Tögl	ÁR-381:029
Vaðið	ÁR-381:014
Veiðinef	ÁR-382:043
Veiðivik	ÁR-382:051
Vestursund	ÁR-382:010
Volgalaug	ÁR-381:032
Vörðusker	ÁR-381:008
Þengilseyri	ÁR-382:052
Þrengslin	ÁR-381:021
Öskjunes	ÁR-382:037


Minjakort 1: Minjar í úthögum Laugarárss



Minjakort 2: Minjar á landi Laugaráss



Minjakort 3: Minjar á landi lðu




Skýringar

- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA


0 250 500
M

Mkv: 1:10.000 á A3

Minjakort 4: Minjar á landi Iðu



Minjakort 5: Túnstæði lðu



Minjakort 6: Túnakort lðu

AR-382:031
AR-382:021
AR-382:008
AR-382:023
AR-382:056
AR-382:024
AR-382:009
AR-382:003
AR-382:022c
AR-382:022d
AR-382:005
AR-382:006
AR-382:022a
AR-382:022b
AR-382:007
AR-382:004
AR-382:028
AR-382:055
AR-382:050
AR-382:010
AR-382:027
AR-382:029
AR-382:053
AR-382:025
lða
AR-382:026
AR-382:034
AR-382:011
AR-382:040
AR-382:041
AR-382:042
AR-382:012

Skýringar

- Minjastaðir
- Mörk fornleifa
- Gróflega áætluð landamerki byggð á upplýsingum frá RALA

0 100 200
M

Mkv:
1:4.000 á A3

Minjakort 7: Túnakort Laugarass

